

Kristbjörn Egilsson



Meltúnsbók

Sumardvöl í Mosfellssveit
1962–1963

Kristbjörn Egilsson

Meltúnsbók

Sumardvöl í Mosfellssveit
1962–1963

*Meltúnsbók
Sumardvöl í Mosfellssveit 1962–1963*

© 2021 Kristbjörn Egilsson

Ljósmynd á forsiðu: Bæjarhúsin í Meltúni. Fremst t.v. er íbúðarhúsið. Sambyggð útihús aftar. Hæst er hlaðan, en í lægri byggingunum eru fjós og hænsnahús. Sunnan undir hlöðunni eru traktorsskúr, hesthús og mjólkurhús. Lengst t.h. eru fjárhúsin, upprunalega hlaðnar músteinsbyggingar með bogapaki frá hernámsárunum. Ljós. Kristbjörn Egilsson, október 1963.

Ljósmynd á baksíðu: Sigríður Þórmundsdóttir og Eiríkur E. F. Guðmundsson á góðum degi. Ljósmyndari óþekktur, líklega tekin um 1935.

Umbrot: María Harðardóttir

Útgefandi: Kristbjörn Egilsson, Reykjavík 2021

Gefin út í Reykjavík, bókmenntaborg UNESCO

Öll réttindi áskilin

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

ISBN 978-9935-24-904-3

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Meltúnshjónin	6
Undirbúningur og ferðalagið í sveitina	8
Nágrenni Meltúns	10
Bústofn og hlunnindi	11
Vinnuframlag	12
Klæðnaður	12
Þvottar og bað	13
Dæmigerður hversdagur	13
Önnur störf	17
Húsakostur	21
Tómstundir og skemmtan	29
Gestakomur	31
Ferðir af bæ	34
Minningar Sigríðar Þórmundsdóttur í Meltúni	36
Persónur og leikendur	50
Viðauki – Flugmyndir sem sýna byggðapróun á svæðinu í nágrenni Meltúns	51

Tileinkað móður minni



*Ingigerður Jónsdóttir, fædd 1. febrúar 1921, dín
4. janúar 2012. Ljósmyndastofan ASIS, 1948.*

Inngangur

Fyrir ríflega áratug hóf Þjóðminjasafn Íslands að safna frásögnum um sveitadvöl barna á tuttugustu öld. Þar var fólk hvatt til að segja frá reynslu sinni og lífi sem borgarbarna í sveit. Ég tók áskoruninni og skrifaði bókina Sumardvöl í Langeyjarnesi og Efri-Langey Klofningshreppi Dalasýslu, 1958–1961 (Kristbjörn Egilsson 2017). Bókinni er dreift af Byggðasafni Dalamanna.

Í framhaldi af Langeyjarnesbókinni lá einhvern veginn beint við að fjalla um hina sveitina mína. Það sem hér fer á eftir er minningar úr sumardvöl minni í Meltúni í Mosfellssveit á árunum 1962–1963.

Árin frá þrettán til fjórtán ára aldurs eru sterk í minningunni. Ýmislegt rifjaðist enn fremur upp við skoðun á ljósmyndum sem ég tók á þessum tíma og nokkrum árum seinna. Ég hef leitast við að segja sem réttast frá án þess að ýkja eða draga úr neinu. Hins vegar verður að hafa í huga að textinn er minningar manns sem sá hlutina með augum ungs drengs fyrir tæpum sextíu árum. Ég held þó að frásögnin gefi nokkuð rétta mynd af heimilinu, verklaginu og andanum sem ríkti í Meltúni og samfélaginu í Mosfellssveit á þessum árum. Ég var svo lánsamur að ná að kynnast lífi og búskaparháttum hjóna sem brutust til góðra bjargálna eftir berklana, kreppuna og seinni heimsstyrjöldina, hremmingar sem markað höfðu líf þeirra og þjóðarinnar allrar rétt fyrir miðja 20. öld. Hjá þeim var nytsemin, nægjusemin, lífsbaráttan og manngæskan í fyrirrúmi.

Sigmar Pétursson og Áslaug Svavarsdóttir lásu textann yfir að hluta til og veittu mér gagnlegar ábendingar. Einnig lánuðu þau mér margar ljósmyndir úr fjölskyldusafni Meltúnsfólksins. Birna Mjöll Sigurðardóttir á Héraðsskjalasafni Mosfellsbæjar veitti mér aðgang að ljósmyndum og skjölum í eigu safnsins. Guðbjörg Egilsdóttir og Ágúst Tómasson hjálpuðu mér með ýmislegt sem varðar Eikarfólkið. Magnús Guðmundsson las texta og veitti mér ómetnleg ráð. Helga Jónsdóttir prófarkalesari og þýðandi las yfir texta. María Harðardóttir sá um útlit og hönnun prentverks. Ég vil hér með þakka þeim kærlega fyrir alla hjálpinu.



Kristbjörn Egilsson 12 ára. Ljósmynd. Hraðmyndir Laugavegi, september 1961.

Meltúnshjónin

Ég var tvö sumur í Meltúni og dvaldi þar í bæði skiptin frá miðjum júní til ágústloka. Í Meltúni bjuggu Sigríður Þórmundsdóttir (55 ára) og Eiríkur E. F. Guðmundsson (55 ára) ásamt uppeldissyninum Sigmari Péturssyni (11 ára).

Sigríður var Borgfirðingur, fædd í Langholti, en alin upp á hinni fornu klausturjörð Bæ sem foreldrar hennar keyptu og bjuggu á mestan sinn búskap. Systkinin í Bæ urðu fjórtán og ellefu náðu fullorðinsaldri. Eiríkur var Vestfirðingur, fæddur í Botni í Súgandafirði og ólst þar upp. Systkinin urðu tíu. Eiríkur fór í Alþýðuskólann á Hvítárbakka þegar hann stóð á tvítugu og þar kynntist hann Sigríði, einni af heimasætunum í Bæ. Þau giftust árið 1932 fyrir vestan. Hinn mikli vágestur berklarnir sem tröllreið íslensku samfélagi á þessum árum tróð sér inn í líf ungu hjónanna, bæði veiktust af berklum og lágu á sjúkrahúsinu á Ísafirði. Veikindin voru langvinn og meðan Eiríkur lá á Vífilstöðum fór Sigríður til móðursystur sinnar, Ingunnar Guðbrandsdóttur og Helga Finnbogasonar á Reykjahvoli. Þar með má segja að örlög þeirra væru ráðin hvað varðaði búsetu. Mosfellssveit



Til vinstri: Sigríður Þórmundsdóttir og Eiríkur E. F. Guðmundsson framan við íbúðarhúsið í Meltúni. Ljós. Kristbjörn Egilsson, október 1963. Til hægri: Sigmar Pétursson og Sámur. Ljós. Svavar Sigurjónsson, ágúst 1960.



Bæjarhúsin í Meltúni. Myndin er tekin úr suðvestri. Fremst t.v. er íbúðarhúsið. Sambyggð útihús aftar. Hæst er hlaðan, en í lægri byggingunum eru fjós og hæsnahús. Sunnan undir hlöðunni eru traktorsskúr, hesthús og mjólkurhús. Lengst t.h. eru fjárhúsin, upprunalega hlaðnar músteinsbyggingar með bogapaki frá hernámsárunum. Ljós m. Kristbjörn Egilsson, október 1963.

varð þeirra sveit. Þegar Eiríkur náði betri heilsu hóf hann vinnu hjá ullarverksmiðjunni á Álafossi og vann einnig á stórbýlunum Korpúlfsstöðum og Lágafelli, og svo í lausamennsku. Á þessum árum eignuðust Sigríður og Eiríkur lítið hús í landi Reykjahvols sem þau kölluðu Hverabakka og bjuggu þar í átta ár.

Eftir stríðið gekkst hreppsnefnd Mosfellshrepps fyrir því að stofna til nýbýla á hreppsjörðum, einkum í landi Lágafells og Varmár. Eiríkur og Sigríður fengu land á Jónsteigi sem er á austurmörkum Varmárlandsins, nánar tiltekið á melnum sunnan við Álafosverksmiðjuna. Árið 1947 stofna þau nýbýlið Meltún, flytja Hverabakkahúsið með sér, stækka það og endurbæta, byggja útihús og rækta upp melana sem bærinn heitir eftir. Samkvæmt leigusamningi við Mosfellshrepp frá árinu 1950 var Meltúnslandið 5,1 ha. Árið 1957 bættust við 2,2 ha. Jörðin var því alls 7,3 ha.

Sigríður og Eiríkur höfðu búið í Meltúni í 38 ár þegar Eiríkur lést árið 1985. Eftir það bjó Sigríður þar ein uns hún fluttist í Hlaðhamra í Mosfellsbæ árið 1988.

Meltún var reist á mel sem hafði verið nýttur fyrir braggabyggð hernámsliðs. Ábúendur græddu upp melinn og breyttu í gjöful tún og beitoland. Nú hafa bæjarhúsin verið rifin og túnin byggð nýrri kynslóð húsa.

Undirbúningur og ferðalagið í sveitina

Síðla vetrar 1962, árið sem ég varð 13 ára, fór ég að hugsa til sumarsins sem í vændum var og hvernig ég ætlaði að nýta það. Þetta var rætt yfir borðum hjá okkur fjölskyldunni á Laugavegi 58b. Um vorið lyki ég Austurbæjarbarnaskólanum og um haustið átti ég að setjast í Gagnfræðaskólann við Lindargötu.

Það voru því miklar breytingar í vændum í lífi drengsins. Ég hafði verið í sveit vestur í Langeyjarnesi í Klofningshreppi í Dalasýslu undanfarin fjögur sumur. Kominn var tími til að reyna eitthvað nýtt þó

þar hefði verið dýrlegt að vera. Guðbjörg systir mín, ellefu ára, hafði ráðið sig í barnapössun hjá ungum hjónum sem bjuggu í nýbyggðu húsi, Eik, rétt hjá Reykjalandi í Mosfellssveit. Þetta voru þau Hrafnhildur (Hadda) Ágústsdóttir og Tómas Lárusson. Hadda var dóttir vinkonu mömmu.

Rétt hjá Eik var bærinn Meltún. Hadda vissi að ég var að leita eftir sveitadvöl og var kunnugt um að Meltúnshjónin vantaði strák á mínu reki til sumarstarfa. Af bænum fór gott orð og mér var boðið kaup. Geri ég líka ráð fyrir að mér hafi verið hælt í hástert við Meltúnshjónin, þó ég fengi ekkert að vita af því. Mér leist vel á að verða kaupamaður í Mosó og ákvað að ráða mig til sumardvalar í Meltúni. Þar átti ég tvö góð sumur og síðan ævilanga vináttu þeirra hjóna.

Þó ég væri aðeins nýorðinn þrettán ára gamall þegar ég réð mig sem kaupmann í Meltún hafði ég þó nokkra reynslu af ferðalögum og sveitadvöl. Áður var nefnd sumardvölin í Langeyjarnesi. Sumarið 1955 fór ég með stjúpu pabba, ömmu Söru (Sara Kristjánsdóttir, fædd 30. maí 1895) norður í Húnavatnssýslu í heimsókn á bæinn Skarð á Vatnsnesi, og hefur það líklega kveikt áhuga minn á sveitadvöl. Sumarið 1956 vorum við fjögur systkinin með mömmu og pabba, systur pabba og manni hennar og syni í tveim vinnuskúrum frá Rafveitunni uppi við Elliðavatn, en pabbi og mágur hans unnu þá



Kort af Meltúni og nágrenni, klippt úr herforingjardóskorti. Blað nr. 37. Hengill. Mælt 1911, endurskoðað 1983 og prentað 1985. Kortasafn Landmælinga Íslands.



Loftmynd tekin frá Reykjalundi til vesturs. Meltún er við vegamótin fyrir miðri mynd. Úr safni Reykjalundar. Ljósmyndari óþekktur, líklega tekin á árunum 1962–1964.

báðir hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Sumarið þar á eftir var fjölskyldan í sumarbústað sem heitir Bjartholt. Foreldrar mínir höfðu keypt Bjartholt veturinn 1957. Bústaðurinn stóð rétt ofan við stórbýlið Gunnarshólma við Suðurlandsveg.

Þar sem ég þurfti ekki að mæta í sveitina fyrr en eftir miðjan júní fór ég í unglingavinnuna hjá Reykjavíkurborg fyrri hluta júnímánaðar. Ég fékk vinnu við að sópa áhorfendapallana og snyrta lóðina á knattspyrnuvellingum í Laugardal og þótti það afar daufllegt starf.

Eitt af verkum mínum í Meltúni átti að vera að snúa heyinu með dráttarvél, en ég hafði aldrei snert á því líku farartæki. Þegar Æskulýðsráð Reykjavíkur auglýsti námskeið í akstri dráttarvéla fyrir unglunga greip ég því tækifærið og skráði mig á það. Námskeiðið var haldið á Korpúlfsstöðum. Þar mætti allstór hópur af krökkum, sem voru á leið í sveit, til að fá dálitla leiðsögn í akstri dráttarvéla, umgengni við þær og kynningu á slysaþættu. Á þessum árum þótti alveg sjálfsagt að tólf ára krakkar stjórnuðu vélknúnum farartækjum, allavega innan tús.

Síðdegis 18. júní 1962 lagði ég af stað upp í Meltún. Það var ekki löng ferð, um það bil 25 km. Pabbi fékk lánaðan bíl hjá félagu sínum og skutlaði mér upp eftir í sveitina ásamt mömmu. Vegurinn ofan við Ártúnsbrekku var ekki enn malbikaður, þannig að ekið var í rykskýi. Farið var sem leið lá fram hjá Grafarholti, Korpúlfsstöðum, Blikastöðum og kirkjujörðinni Lágafelli. Upp við Markholt



Flugmynd tekin yfir Meltún og nágrenni. Ljós. Mats Wibe Lund júlí 1986.

stóðu kaupfélag og bensinstöð við Þjóðveginn og þaðan blöstu stóru hvítu húsin á Reykjalundi við sjónum, undir Reykjafjalli (Reykjafelli). Gefið var í á Kónsveginum og við vegamótin upp að Reykjalundi var Meltún. Íbúðarhúsið og útihúsin voru öll máluð gul með rauðum þökum. Allt sem ég sá benti til þess að á bænum væru flestir hlutir í lagi, bæði úti og inni. Vel var tekið á mótí okkur á hlaðinu í Meltúni, hlýtt var handtak húsmóðurinnar í bæjardyrum og húsbóndinn hinn ljúfmannlegasti. Ég fann strax að á þessum bæ var góður andi. Foreldrar mínir páðu kaffi áður en þau héldu til baka í höfuðstaðinn.

Nágrenni Meltúns

Drengurinn var kominn á nýjan stað, í nýja sveit, til að dvelja sem kaupamaður sumarlangt. Tilhlökkun ríkir í huga drengsins. Ég stend á hlaðinu í Meltúni þrettán ára, skyggnist um og velti fyrir mér næsta nágrenni. Hvað heita fjöllin og sveitabæirnir? Eins gott að kynna sér helstu kennileiti og örnefni til að geta ratað um sveitina. Bíðið nú við. Jú, nokkrir sveitabærir sáust þarna, en einnig ýmislegt annað sem lítt minnti á hefðbundna sveit. Þetta var allt öðruvísi sveit en ég hafði kynnst vestur í Langeyjarnesi, þar sem ég hafði dvalið undanfarin fjögur sumur. Í austri frá bæjarhlaðinu glampaði á reisulega hvítmálaða byggingu með rauðu þaki og nokkur smáhýsi í sama stíl. Þetta var Reykjalundur, heilsuhæli, læknasetur, endurhæfingarmiðstöð og vinnustaður fólks sem þurfti á starfsþjálfun að halda. Á Reykjalundi var trésmíðaverkstæði og hvorki meira né minna en plastverksmiðja sem framleiddi fötur, bala, blómápotta, ýmis leikföng og Lego-kubbana

vinsælu. Norðan við bæinn var ullaerksmiðjan á Álafossi og byggðin umhverfis hana. Sunnan við bæinn lá hitaveitulögnin til Reykjavíkur. Hún átti upphaf í Dælustöðinni sem dældi sjóðandi vatninu í tonnatali og hitaði hús Reykvíkinga. Verkfræðiundur á heimsmælikvarða sem tignarmenn heimsóttu, kóngar, drottningar og forsetar og fáni lýðveldisins við hún. Blaðamenn með penna og ljósmyndarar með flass eltust við tignarmennina. Handan hitaveitulagnarinnar við Meltún var hátæknilegt hænsnabú, Teigur, með hæsnahús á tveimur hæðum og framleiddi unga sem seldir voru til að verða varphænur víða um land. Gróðrarstöðvar og gróðurhús voru í nágrenninu í landi Suður-Reykja og Reykjahvols. Jörðin þar var volg, einstök skilyrði til matjurtaræktunar. Þar höfðu ólgandi, gufuspúandi hverir verið virkjaðir til að hita upp híbýli Reykvíkinga. Steinsnar var í kaupfélagið. Sumarbústaðir, margir af finni sortinni, voru hér og þar, og venjuleg íbúðarhús eins og í þorpum. Braggar og rústir frá hersetunni voru áberandi. Og áin sem rann neðan við Reykjaland var volg, Varmá, og þar lifðu álar, eins og ég komst að síðar. Fyrir utan Esjuna, sem ég þekkti að heiman af Laugaveginum, voru lægri fjöll, Reykjafjall (Reykjafell) og Æsustaðafjall og Helgafell. Handan við Helgafell var Mosfellsdalur, í órafjarlægð, en samt nálægur. Þar voru gróðurhús, heitt vatn, Nóbelskald og Egill Skallagrímsson og Guðrún Tómasdóttir óperusöngvari. Fólkið sem bjó í sveitinni var margt aðkomið úr öðrum sveitum landsins og svo voru útlendingarnir sem höfðu komið til að vinna á Álafossi og margir hverjir ílenst í sveitinni. Dásamleg blanda. Fjölbreytnin í fyrirrúmi. Geri aðrar sveitir betur!

Fljótlega eftir að ég kom í Meltún tók ég eftir að Sigga talaði oftlega um frænkur og frændur á næstu bæjum við Meltún, Reykjahvoli og bæjunum þar um kring. Í ljós kom að Sigríður átti þarna góðan og mikinn frændgarð. Tvö af börnum Reykjahvolshjónanna, Ingunnar, móðursystur Sigríðar, og Helga, höfðu stofnað til nýbýla úr landi Reykjahvolsjarðarinnar. Oddný bjó á Ökrum ásamt manni sínum, Ólafi Péturssyni, og Finnbogi bjó á Sólvöllum með konu sinni, Ingibjörgu Bjarnadóttur. Fyrir utan hefðbundinn búskap stunduðu þau ylrækt í gróðurhúsum og í ylvogum garðlöndum. Á Efra-Hvoli, sem einnig var í landi Reykjahvols, bjó frænka Sigríðar, Ingveldur Árnadóttir, ásamt Vígmundi Pálssyni mjólkurbílstjóra. Þetta fólk stóð saman og hjálpaðist að. Það sá ég gjörlla.

Bústofn og hlunnindi

Meltún var nýbýli og landlítið, ríflega sjö ha. Býlið stóð á flötum mel ofan við Álafoskvosina. Melinn hafði Eiríkur ræktað upp og voru þar góð, rennislétt tún og ræktaðir bithagar fyrir kýmar. Enginn var bæjarlækurinn og enginn úthagi.

Bústofninn var tólf til fimmtán kýr, stundum nokkrir kálfar, um 200 hænur og kannski 60 kindur og tvö hross, dráttarklárinn Fluga og reiðhestur undan henni, nefndur Þorri. Köttur var í fjósi og sá um að halda músum niðri. Hundur var enginn þessi tvö sumur, hafði drepist árið áður, en seinna kom svo aftur hundur á bæinn.



Meltúnshlaðið. Kýmar á leið í fjósið til mjalta. Brúsapallurinn er t.h. við túnhliðið. Bragginn á melnum handan við Álafossveginn var í eigu Reykjalundar. Reykjafjall (Reykjafell) í baksýn. Ljós. Kristbjörn Egilsson, ágúst 1969.

Einu hlunnindin sem fylgdu Meltúnsbýlinu voru heita vatnið. Ákveðinn tonnafjöldi af heitu vatni sem leitt var úr borholum frá Suður-Reykjum var notaður til að hita upp íbúðarhúsið. Ekkert kalt vatn var hins vegar á bænum. Því voru settar 200 lítra olíutunnur upp í rjáfur íbúðarhússins og í fjósið til að kæla drykkjarvatnið fyrir skepnur og fólk. Alltaf var líka brúsi eða kanna með kældu vatni í ísskápnum í Meltúnseldhúsinu.

Vinnuframlag

Fyrirfram var vinnutíminn gróflega skilgreindur. Miðað var við að ég kæmi í sveitina eftir 17. júní. Unnið var alla virka daga frá því klukkan níflaga átta að morgni og fram undir kvöldmat. Aldrei var unnið á sunnudögum nema eitthvað sérstakt stæði til, eins og að bjarga heyjum undan regni. Aðra hverja helgi fékk ég frí og gat þá farið í bæinn með Mosfellssveitamútunni á föstudagskveldi og komið til baka á sunnudagskveldi.

Klæðnaður

Til dvalarinnar var valinn hentugur fatnaður, svo sem gallabuxur, skyrtur, peysur, nærföt og sokkar til skiptanna, ásamt vettlingum og húfu. Skóplögg voru vaðstígvél, gúmmískór (þessir

tékknesku með hvíta botninum) og reimaðir strigaskór sem náðu upp á ökkla, einnig frá Tékkóslóvakíu, með hvítum botnum. Þessi fótabúnaður þótti bráðnauðsynlegur í sveitina. Einnig voru í farangrinum sokkahlífar, gerðar úr þunnu leðri. Í þær var farið utan yfir ullarsokkana og síðan farið í gúmmískóna. Þannig slitnuðu sokkarnir minna og svo gekk maður í sokkahlífum innandyra og þurfti því enga inniskó. Ekki þurfti ég að hafa með mér sæng, kodda, rúmföt og handklæði. Tannbursti og tannkrem var helsta snyrtivaran. Einnig var ég með Nivea-krem til að bera á andlitið ef ég sólbrynni. Svo lét ég að sjálfsögðu snoða mig fyrir sumardvölinu, burstaklipping var það sem gildi. Ferðataska sem ég hafði keypt í Geysi fyrir Langeyjarnesdvölinu kom enn að góðum notum og fylgdi mér í Meltún.

Þvottar og bað

Í Meltúni var, svo sem áður segir, gnægð af heitu vatni. Ágætt baðkar var á bænum og öll aðstaða ljómandi. Laugardagseftirmiðdagar eða -kvöld voru, eins og víðar, baðdagar þó ekkert bannaði að fara oftar í bað. Aðra daga þvoði ég mér um andlitið með þvottapoka og burstaði tennumar alltaf kvölds og morgna enda vel upp alinn.

Dæmigerður hversdagur

Morgunin hófst í fjósinu. Eiríkur sá alltaf um mjaltirnar. Hann byrjaði á að gefa kúnum fóður-bæti, þvoði júgrin og setti mjaltavélina undir kýmar. Hann hreytti yfirleitt kýmar líka. Síðan tók við kæling á mjólkinni og þríf á mjaltavélunum, sem Eiríkur sá alfarið um. Slíkt var vandaverk, enda mikið metnaðarmál að mjólkinn flokkaðist í fyrsta flokk. Vel var fylgst með júgurbólgu. Ef kýr var með júgurbólgu, oftast aðeins í einum spena, var sprautað penisilíni upp í spenann og hann mjólkaður sérstaklega í nokkra daga og mjólkinni hent. Hinir þrír spenarnir voru svo handmjólkaðir. Þetta gat verið heilmikil vinna. Stundum kom Ásgeir dýralæknir og leit á kýmar, einkum ef grunur var um doða í þeim eða burður var í nánd. Við doðanum var gefinn vökví í æð, heil flaska af glærum vökva. Sigríður kom stundum í fjósið og voru kýmar mjög elskar að henni.



Meltúnshlaðið. Kýmar á leið í fjósið til mjalta. Hænsnahúsið í baksýn. Girðing úr hæsnaneti var sunnan og vestan við húsið þannig að hænumar höfðu frjálstan aðgang að útiveru á sumrin. Gluggar í öllum útihúsum í Meltúni voru smárúðóttir með jámkömrum og möttu, víruðu gleri. Arfleifð frá hersetunni. Ljósmynd Kristbjörn Egilsson, ágúst 1969.



Púfutittlingur (Anthus pratensis) og púfutittlingshreiður. Ljósmynd. Skarphéðinn Þórisson (efri mynd) og Erling Ólafsson (neðri mynd).

Einkum er mér minnisstæð jólakaka, blaut og þétt með súkkati og rúsínum, sem Sigríður bakaði stöðugt, enda víðfræg um alla sveitina fyrir bragðgæði. Einnig fengum við stundum bakkelsi úr bakarí kaupfélagsins, og svo voru heimagerðar kleinur og Frónkex. Nóg af öllu.


Við morgunverðarborðið voru verk dagsins rædd, einkum ef eitthvað nýtt lá fyrir. Ég tók fljótlega eftir því hversu samstíga hjónin voru í öllu vinnuskipulagi. Það skipti ekki máli við hvort þeirra var rætt um vinnu og verklag, allt stóð sem stafur á bók. Þau hjón höfðu einnig tamið sér vinsamlegt viðmót og talanda. T.d. sögðu þau alltaf Kristbjörn minn þegar þau töluðu til mín og báðu mig að gera eitthvað. Gott veganesti það.

Milli mjalta og hádegis fór ég yfirleitt í fjósið, mokaði flórin og ók skítum út í fjóshaug í hjólbörum. Hlandið rann sjálft niður í hlandforina. Mér þótti merkilegt hvað kýrnar gátu skitið mikið meðan á mjöltum stóð, sem var aðeins rúmur klukkutími.

Ég var með vekjaraklukkunni og bar ábyrgð á því að vera kominn út í fjós upp úr klukkan átta. Þá var Eiríkur að ljúka við að mjólka kýrnar. Ég tók við, leysti þær af básunum og rak þær vestur meðfram hitaveitustokkunum í hagann. Til að auka tilbreytinguna við kúareksturinn var hægt að gera sér ýmislegt til dundurs þar á meðal fuglaskoðun og hreiðurleit. Minnisstætt er púfutittlingshreiður sem ég fann á rekstrarleið kúnna. Egginn voru sex og þrem vikum seinna voru komnir ungar sem gaman var að fylgjast með dafna dag frá degi og loks fljúga forvitnir út í heiminn. Á leiðinni til baka stuggaði ég við túnrollunum. Það gat orðið heilmikið streð. Einkum var það rollan Bogga, tvílembd, kollótt ær, sem kom út á mér svitanum og reyndi mikið á hlaupagetu og þol. Alltaf náði ég að reka hana úr túninu, en næsta morgun var hún komin aftur með lömbin sín tvö og hló að mér. Eiríkur setti aldrei á lömb undan túnrollum og Bogga fékk að fara í sláturhúsið um haustið, þó hún væri væn til undaneldis og gæfi af sér góð lömb.

Þegar ég kom heim eftir kúareksturinn og túnrolluhlaupin var haldið inn í bæ þar sem morgunmaturinn beið eftir mér. Hafragrautur ef ég vildi og svo brauð alls konar með áleggji og kökur á

Fyrir hádegi var alltaf farið í hænsnahúsið og eggjunum safnað úr hreiðurkössunum. Engir hanar voru á bænum og hæurnar allar hvítar, kallaðar ítalir. Ég var stundum látinn safna eggjunum og þótti það gaman. Eins gott var að vanda sig svo ekkert egg brotnaði. Einnig þurfti að hreinsa bryningartækin kvölds og morgna. Eiríkur sá um fóðurgjöfina. Þurrkað var af eggjunum í eggjageymslunni, gölluð egg tekin frá og fyrsta flokks eggjunum raðað í bakka. Bakkar-nir voru síðan settir í trékassa og eggin geymd. Mötuneytið á Reykjalandi keypti eggjaframleiðslu Meltúnsbóndans og Eiríkur flutti þau upp eftir á dráttarvélinni einu sinni í viku. „Gölluðu eggin“ voru seld nágrönnum á lágu verði, borðuð heima og notuð í bakstur.



Hænsnahúsið í Meltúni. Ljós. Sigmar Pétursson, ágúst 1965.

Vestan við hænsnahúsið var afgirt lóð með hænsnaneti, þannig að hæurnar gátu valsað um úti við á sumrin. Mitt hlutverk var að reyta arfa

sem ógrynni óx af kringum fjóshauginn og henda í hæurnar. Þá urðu eggjarauðurnar enn fallelgri.

Hádegismaturinn var aðalmáltíð dagsins, stundvíslega klukkan tólf. Soðinn fiskur eða steiktur, ýsa eða þorskur, stundum lúða og ýmis tilbrigði af lambakjöti matreiddu á fjölbreyttan hátt. Heimaræktaðar kartöflur og gulrætur fylltu diskana þegar leið á sumarið. Tómatar og agúrkur úr gróðurhúsunum í sveitinni voru meðlæti. Ávaxtagrautar, rabarbaragrautur og Royal-búðingar voru algengir eftirréttir. Fersk mjólk beint úr fjósinu var drukkin með matnum.

Meðan á heyönnum stóð og þurrkur var drifum við önnur morgunverk af til að tíminn nýttist sem best við heyskapinn.

Í Meltúni var rauð dráttarvél, Massey Harris Pony, lítil og lipur. Eiríkur sló túnin með henni og var sláttuvélin fest við hægri hlið dráttarvélarinnar. Við skiptumst svo á að snúa heyinu með traktornum, en snúningsvélin var aftan í honum. Snúningsvélin var upphaflega gerð fyrir hesta, svokölluð hnausavél, en hafði verið breytt þannig að hún nýttist aftan í traktornum. Hún var líklega af gerðinni Bamford og þótti dálítið þung í drætti.

Þegar heyið var orðið þurr var því rakað saman í múga með hestarakstrarvél. Það verk vann ég með merinni Flugu. Merin sú var merkishross. Hún kundi sitt fag til fullnustu og ég þurfti lítið að gera annað en að ýta á pedala rakstrarvélarinnar á réttum tíma. Flugu stjórnaði sjálf hraðanum,



Kristbjörn Egilsson og Flugá raka saman heyi á Varmár-túni. Handan trjáræktar er Varmá með stíflu og litlu lóni þar sem vatnsinntakið í Álafossverksmiðjuna var. Ljós. Guðný Hallgrímsdóttir, júlí 1963.



Fullorðinn stelkur (*Tringa totanus*) og stelksungi. Ljós. Skarphéðinn Þórisson (v) og Erling Ólafsson (h).

beygjum og snúningum og stoppaði til að míga þegar henni var mál. Um það fékk ég litlu ráðið. Samvinna okkar gekk alltaf vel og okkur var vel til vina. Hún stríddi mér þó oft með því að henda mér af baki þegar ég sótti hana í hagann. Stundum nennti hún ekki að fara í raksturinn og hafði allt á hornum sér þegar ég náði í hana, þóttist stygg og tók upp á því að bíta gras þegar ég reyndi að reka hana áfram eða henti mér af baki. Eiríki hlýddi hún hins vegar í hvívetna.

Stelkar, neflangir og háfættir urpu í túninu eða túnjaðrinum. Hávær hvell hljóð stelkanna þar sem þeir sátu á girðingstaurum voru sumarleg músík. Við reyndum eftir bestu getu að forða ófleygum ungunum frá því að lenda í heyvinnslutækjunum, en þeir sóttu í æti í smádýraríkjum grassverðinum. Erfiðast var að koma við vörnum þegar slegið var. Við ungaverndina var gott að hlusta eftir flugi og viðvörunkalli fullorðnu stelkanna sem urðu háværi og kjarkaðri í aðflugi því nær sem vinnuvélin kom að ungunum. Auðveldara var að sjá ungana hlaupa í slægiunni þegar heyjunum var snúið og rakað í múga.

Fluga hafði eignast eitt folald um ævina. Þorri hét klárinn því að hún hafði kastað honum á þorranum. Þorri var rauður með hvíta snoppu. Hann var afbragðs reiðhestur og töltari. Þorri var reiðhestur húsbóndans en á minni tíð fór Eiríkur sjaldan á bak nema við smalamennsku.

Oftast, ef veður leyfði, var múgunum mokað með heykvíslum upp á heyvagn um leið og heyið var fullpurkað. Á botni vagnsins var haft kaðalnet. Vagninum var síðan ekið heim að hlöðu og heyið dregið með talíu inn í hlöðuna, sem létti verkið mjög. Ef ekki var tími til að taka heyið beint inn í hlöðu voru gerðir galtar og breitt yfir þá með hærum (ábreiðum úr striga) til að ekki rigndi niður í þá.

Þrátt fyrir heyannir, sem gátu verið miklar á stundum, var kvöldmjöltum aldrei seinkað. Kýrmar voru ávallt mjólkaðar milli sex og sjö á kvöldin, gengið frá mjólkinni og mjaltavél og annað þrifið eftir

kúnstarinnar reglum. Kýmar voru síðan reknar í náttthagann og hænsnin rekin inn í hænsnahúsið og gatinu þeirra lokað til að engin hætta yrði á að minkurinn kæmist inn í húsið og gerði usla. Í lokin var eggjum dagsins safnað.

Þá beið kvöldmaturinn eftir okkur, mikill og góður. Mjólk, brauð, álegg, súrmjólk, afgangar frá hádegi. Kaffi eftir matinn fyrir þá sem vildu og kex. Þá var vinnudegi lokið nema í undantekningartilvikum ef hey voru í hættu vegna úrkomu eða roks.

Önnur störf

Heyskapur utan Meltúns

Ég man eftir þremur stöðum sem Eiríkur heyjaði á utan Meltúnsjarðarinnar. Fyrst ber að nefna allstórt tún, Varmártún, sem var á flatlendi meðfram Varmá, ofan við Álafossstífluna. Einnig voru túnin umhverfis litlu einbýlishúsin á Reykjalundi slegin og túnbletturinn hjá Ása í Ekru. Þangað fór ég með Flugu og rakstrarvélina til að raka saman heyjunum.

Alltaf var dálítið mas að fara með merina og rakstrarvélina upp að Reykjalundi. Ástæðan var sú að gólfíð í brúnni yfir Varmá var að hluta með rimlum, til að hindra að skepnur kæmust



Eiríkur E. F. Guðmundsson akandi á traktorum með heyvagninn á leið úr heyskap á Reykjalundi. Úr myndasafni Reykjalundar varðveittu í Héraðsskjalasafni Mosfellsbæjar. Ljósmyndari óþekktur, mynd líklega tekin á árunum 1961–1965.

yfir ána, en Reykjalundarlandið var afgirt og skepnulaust. Til þess að komast yfir með Flugu varð ég að leysa hana frá rakstrarvélinni og ríða henni yfir ána. Svo dró ég rakstrarvélinu yfir rimlagrindina og beitti merinni aftur fyrir vélinu. Þetta tók dálítinn tíma, en til allrar lukku var bílaumferðin lítil og bílstjóramir liprir og þolinmóðir, hjálpuðu mér á stundum. Mikið var allt snyrtilegt og þússað á Reykjalundi og litlu, fallegu, hvítu íbúðarhúsin með rauðu þökunum, sem við heyjuðum umhverfis, eru mér enn í fersku minni. Það var líka alltaf sól þegar heyjað var á Reykjalundi, allavega í minningunni.

Einu sinni fórum við Eiríkur á traktorum alla leið upp undir Esjurætur til að heyja. Þar átti Aron Guðmundsson, oftast kenndur við Kauphöllina, sumarbústað í funkisstíl með rauðu valmaþaki. Bústaðurinn var líklega í landi Mógilsár. Umhverfis bústaðinn var túnskækill sem Eiríkur sló. Aron vildi tún kringum sinn bústað, en engin tré sem kæmu til með að skyggja á útsýnið, var mér tjáð. Aron sá sjálfur um hirðingu á heyinu.

Rúning og réttir

Þar sem ég kom ekki í sveitina fyrr en eftir miðjan júní missti ég af sauðburði, sleppingu ána í úthaga, vorverkum á túnum og niðursetningu á kartöflum. Féð var rúið í byrjun júlí. Bændur í Mosfellssveit smöluðu lönd sín og afrétt. Réttuð var í Hafravatnsrétt. Eiríkur smalaði upp til heiða á Þorra, en ég smalaði hluta af Teigslandinu og var ásamt fleiri látinn standa fyrir fénu sem kom af fjalli þannig að það rynni rétta leið í gerðið við réttina og tvístraðist ekki. Síðan var féð dregið í dilka, rúið, ómörkuð lömb mörkuð og ánum sleppt. Smærri fjárréttir voru Hraðastaðarétt, rétt við Leirvogsvatn, og í Lækjarbotnum. Þangað fóru bændur á bílum sínum eða traktorum, oft með kerrur, til að leita ána sem ekki höfðu komið fram í Hafravatnsréttinni.



Hafravatnsrétt. Horft yfir réttina og út á Hafravatn. Kvenfélagsbragginn og kamarinn eru lengst til vinstri. Ljós. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Gunnar Rúnar Ólafsson, 18. september 1956.

Við Hafravatnsrétt var státlegur braggi. Þar stóðu konur úr kvenfélaginu, bæði húsfreyjur og yngri stúlkur, og bökuðu pönnukökur og helltu upp á könnuna. Framan við braggan var ágætur og ilmandi kamar sem kom sér vel fyrir marga í margmenninu. Ekki man ég eftir fyllerí í þessum réttum. Ég fór að minnsta kosti einu sinni að hausti í Hafravatnsrétt þótt skólinn væri byrjaður. Mikið var það gaman! Í dagblaðinu Vísi er fjallað um Hafravatnsréttir haustið 1962 með texta og nokkrum ljósmyndum. Og vitið nú hvað, þar er einmitt mynd af höfundi þessara minninga klæddur í úlpu úr Vinnufatagerðinni. Blaðamaðurinn hafði ekki sinnu á að skrá nafn drengsins, enda börn á þessu tíma flest nafnlaus. En myndasyrpan er góð og rifjar upp góðar minningar.

Miðvikudagur 19. sept. 1962. VÍSIR



Úr Hafravatnsréttum



★

Hafravatnsréttir voru í gær, en það eru réttir fjárbœnda í Mosfellssveit og Reykjavík. Hafravatnsréttir eru mjög stórar réttir og var áætlað að í þeim væru í gær um 8000 fjár. En talið er að Reykvikingar eigi af þessu rúman helming, svo að Reykjavík viðist af því vera mikill sauðfjárræktarbar.

Mikill fjöldi fólks úr sveitnað og bannum kom í réttirnar, þrátt fyrir leiðindaveður með úrhellsrigingu.

Myndsja Vísir birtir í dag nokkrar myndir úr Hafravatnsréttum. Efst sést yfirlitsmynd yfir réttirnar. Fremst á myndinni sést einn fjárbóndinn með ungum aðstoðarmanni sínum, en handan við réttirnar stendur breiða af bifreiðum, sem fluttu fólk úr Reykjavík upp úr.

Eindálka myndin er af einum stærsta fjárbóndanum í Reykjavík, Gesti í Reykjablíð, en fyrir meðan sést réttastjórnin, Kristinn á Moselli, í stúku sinni með gjallabornu reišubúðis, til að gefa fyrirskipanir.

Hinar myndirnar sýna unga gesti í réttunum, sem sumir hverjir komu ná í fyrsta sinn til rétta.

★



Hafravatnsréttir. Kristbjörn Egilsson, kaupamaður í Meltúni, er á neðstu mynd t.h., klæddur úlpu frá Vinnufatagerðinni. Ljós. Myndsja Vísir, 18. september 1962.

Kartöflurækt

Vestast í landareigninni var ágætur, fingerður sandmelur. Þar hafði Eiríkur útbúið kartöflugarð og nægði uppskeran heimilinu nær allt árið. Tvisvar á sumri var farið í garðinn og arfinn reyttur. Fyrstu kartöflur voru fullspróttnar í síðari hluta ágúst.

Tað- og hænsnaskítismokstur

Bæði sumrin mín í Meltúni voru rigningardagar nýttir til að stinga út úr fjárhúsunum. Það var frekar leiðinlegt og erfitt, en hafðist með kappsemi okkar Eiríks og Simmi hjálpaði líka til þó ungur væri. Einnig þurfti að stinga út úr hæsnahúsinu. Það verk var frekar unnið að haustlagi og reynt að stilla svo til að það væri gert á sama tíma og skipt var út varphænum. Stálpaðir ungar voru keyptir á næsta bæ, hæsnabúinu Teigi, að vori og aldir í aðskildum enda fjárhússins yfir sumarið. Þeir hófu varp síðsumars. Þá var gamalhænum slátrað og hæsnahúsið alþrifið, mokað út hæsnaskít og veggir, pallar og varpkassar þrífir vel og vandlega.

Sendiferðir

Kaupfélagið (Kaufélag Kjalarnesþings) var í Markholtslandi skammt vestan við Meltúnsbæinn. Þangað var ég stundum sendur til að kaupa inn ef eitthvað smálegt vantaði. Stysta og greiðfærasta leiðin var að ganga eða hjóla eftir hitaveitustokknum. Hann var steypur, alltaf þurr og hreinn og stóð upp úr landinu þannig að útsýni var gott. Afleggjarinn upp í Reykjahverfi, kallaður Kóngsvegur í daglegu tali, nú kallaður Reykjavegur, var hins vegar ómalbikaður, aurugur í regni, rykugur í þurrki og örlítið lengri leið. En sá kostur fylgdi honum að ég gat húkkað bíl ef ég var heppinn. Umferðin um veginn var þó afar strjál. Þegar meiri innkaup voru fór Eiríkur á dráttarvélinni með

kerruna. Kauffélagið leigði bændum og öðrum íbúum sveitarinnar frystihólf og þar geymdu Meltúnshjónin kjöt, slátur, fisk og annað sem gott var að grípa til.

Kóngsvegurinn var nýlegur. Hann var ávallt kallaður Kóngsvegur til heiðurs Friðriki IX Danakonungi, en afleggjarinn var tekinn í notkun skömmu fyrir opinbera heimsókn konungshjónanna til Íslands árið 1956. Altalað var að vegurinn hefði verið lagður á þessum stað til þess að forða konungi og fylgdarliði frá því að sjá draslaraganginn í Álafosskvosinni. Svo var hin skýringin, að vegurinn um Álafosskvosina var snjósækinn og þar mynduðust stórir skaflar á vetrum og hindruðu ferðir upp að Suður-Reykjum.



Kaufélag Kjalnesþings. Þangað var stutt að fara til að nálgast nauðsynjar og bensindælan notuð til að fylla á dráttarvélina. Ljósmynd. Þjóminjasafn Íslands, Þorvaldur Ágústsson, 1955.



Fjárhúsin í Meltúni. Upprunalega hlaðnar músteinsbyggingar með bogabaki frá hernámsárunum. Íbúðarhúsið til hægri. Fremstur er hitaveitustokkurinn. Ljós. Bjarki Bjarnason, 1977.

Fiskbillinn

Stundum spurði Sigga við morgunverðarborðið: „Kristbjörn minn, sástu eitthvað til fiskbílsins þegar þú rakst kýmar í beitarhólfíð áðan.“ Svárið var oft: „Já, hann var hjá Inger á Teigi.“ Til mikilla þæginda fyrir húsfreyjur í Mosfellssveit kom fiskbillinn, frá Fiskhöllinni í Reykjavík, einu sinni til tvisvar í viku og ók um sveitina. Ekið var heim á hlað á hverjum bæ og flautað. Sigríður skundaði út með peningaveskið og keypti glænýja ýsu, þorsk, eða saltfisk. Nýi fiskurinn var oft með haus og þá var hann þræddur upp á vír, annars pakkað í dagblað.

Húsakostur

Íbúðarhúsið


Íbúðarhúsið var einlyft timburhús, forskalað eins og títt var á þessum árum. Í upphafi var húsið flutt frá Hverabakka niður í Meltún þegar Sigríður og Eiríkur hófu þar búskap árið 1947. Hverabakki var, sem fyrr segir, hús sem þau eignuðust í landi Reykjahvols þegar í byrjun fjórða áratugarins. Síðar var byggt við húsið að vestanverðu og bíslag sett að norðanverðu. Nokkrum árum eftir að ég var í Meltúni var bíslagið rífið og húsið stækkað til norðurs. Þar var svefnherbergi hjónanna, stórt baðherbergi, búr og myndarlegur gangur. Húsið í Meltúni var þannig stækkað eftir þörfum íbúanna.

Gengið var inn í bíslagið að vestanverðu. Fyrst var lífill gangur, þar sem utanyfirflíkur og skótátt átti sér pláss. Þar var líka síminn, sveitasími, sem hringt var með sveif og var festur á vegg. Hékk símaskráin á krók neðan við símann. Bað með baðkari og klósett voru líka í bíslaginu.



Sigríður Þórunsdóttir bakar Meltúnsþönnukökur. Eldhúsglugginn vísar í norður að Esjunni. Dymar lágu inn í stofu. Ljós. Kristbjörn Egilsson, ágúst 1971.

Til hægri við útidymar var gengið beint inn eldhúsið, langt og mjótt, sem þjónaði einnig sem gangur því dyr inn í stofu og svefnherbergi voru í eldhúsinu. Eldhúsgluggarnir, annar



Eiríkur E. F. Guðmundson í borðstofunni í Meltúni. Ljós. Kristbjörn Egilsson, ágúst 1971.

stór, hinn minni, sneru í norður með útsýni til Esjunnar, en austar var Helgafell. Nær sást gulmálað stórhýsi með grænu þaki. Þetta var höll Álafossforstjórans. Undir gluggunum var eldhúsborð, Rafha eldavél með þremur hellum, vaskur, neðri skápar og skúffur. Leirtau var í skáp á suðurvegg. Ísskápur var á heimilinu, en hann var þá ekki enn kominn heima á Laugaveginum og sá ég fljótt hvílíkt þarfaping ísskápurinn var. Fyrir enda eldhússins var borðkrókur með glugga í vestur. Setbekkur var undir glugganum, en kollar allt um kring. Vaxdúkur, oft með skrautlegu mynstri, t.d. blómum, var á borðinu. Eldhúsklukka var á norðurvegg og eldhúsvog, pottablóm í gluggum og útvarpið.



Eiríkur E. F. Guðmundsson, Hermann Guðmundsson, Sigurbjörg Eiríksdóttir, Áslaug Svavarsdóttir og Sólveig Hermannsdóttir í eldhúskróknum í Meltúni. Ljós. Svavar Sigurjónsson, maí 1967.



Jóla kortin lesin. Sigríður Þórmundsdóttir, Eiríkur E. F. Guðmundsson og Áslaug Svavarsdóttir í stofunni í Meltúni. Ljós. Svavar Sigurjónsson, desember 1961.



Eiríkur E. F. Guðmundsson og Áslaug Svavarsdóttir í stofunni í Meltúni. Eiríkur smíðaði og bólstraði rósóttu sófasettið þegar hann var á Vífilsstaðahæli. Ljós. Svavar Sigurjónsson, desember 1961.

Inni af eldhúskróknum var lítið herbergi með hornlugga í suður og vestur. Tjald var á milli króksins og herbergisins. Þar voru tveir dývanar og milli þeirra mjór gangur og náttborð. Herberginu deildum við tveir, ég kaupamaðurinn og Sigmar Pétursson, ellefu ára, sem var meira og minna alinn upp hjá þeim hjónum. Hann er hálfbróðir Sigurbjargar, ættleiddrar dóttur Sigríðar og Eiríks.

Stofan var í austurenda hússins, með gluggum í suður og austur. Austurglugginn vísaði út á hlaðið þar sem heimkeyrslan var og bílar stóðu. Í stofunni var bókakostur heimilisins geymdur og þar hafði ég aðgang að fjölda bóka sem ég mátti lesa að vild. Bæði voru þarna nýjar bækur og svo ekki síður ýmsar gamlar bækur sem ég hafði ekki séð áður, bæði reyfarar og vandaðri skáldsögur. Ég held að ég hafi alltaf verið með bók við rúmstokkinn sumrin mín í Meltúni, og á rigningardögum var gott að kúra á dývaninum og lesa. Kapítóla eftir Emmu D.E.N. Southworth og Percival Keene eftir Frederic Marryat voru ljómandi afþreying. Ljósmyndaalbúm heimilisins voru líka í stofunni og fjöldi ljósmynda á veggjum og hillum. Gaman var að fræðast um fólkíð á myndunum og fá þannig innsýn í lífshlaup fólks, hvort sem það var lífs eða liðið. Á góðum stað á hillu í stofunni var lítil mynd af vörpulegum manni á gráum hesti. Sigríður hélt mikið upp á myndina. Á henni var Þórmundur faðir hennar á hestinum Baróns-Grána. C. Gauldréc

Boilleau, baróninn á Hvítárvöllum, hafði gefið honum klárinn þegar þeir kvöddust í hinsta sinn, en Þórmundur var bústjóri á Hvítárvöllum. Ég hafði aldrei heyrt áður af þessum áhugaverða, harmræna, franska manni sem reyndi fyrir sér við búskap norður á Íslandi. Sigga sagði mér sögu hans í Borgarfirði.

Sigga málaði myndir alla tíð og prýddu margar myndir eftir hana stofuveggina, en hún var listfeng mjög. Eftir að hún eltist og hafði meiri tíma stundaði hún málalistina af enn meiri krafti en árin sem ég var í Meltúni. Því miður eignaðist ég aldrei mynd sem hún málaði. Í stofunni var borðstofuborð og sex stólar, sem notað var einungis þegar mikið stóð til. Tveim körfustólum með áklæði man ég eftir. Þeir voru léttir og þægilegt að sitja í þeim. Sigga sagði mér að hún hefði notað allt sumarkaupið sitt eftir kaupavinnu til að eignast stólana, en þeir voru keyptir í kreppunni. Einnig voru í stofunni tveir mikilúðlegir hægindastólar með rósóttu áklæði.

Svefnherbergi hjónanna var fyrir miðju húsi sunnanverðu. Það herbergi var gert að borðstofu eftir að byggt var við húsið að norðanverðu og svefnherbergið flutt þangað.

Skrúðgarðurinn

Afgirtur skrúðgarður var umhverfis íbúðarhúsið, sem þau hjón voru mjög samhent um að rækta upp. Þar uxu státleg sitkagrenitré, birki, þingvíðir og alaskaösp, reyniviður og gullregn. Fjölærar blómjurtir voru í beðum, t.d. ramfang, venusvagn og prestaffill. Af nytjajurtum uxu í garðinum rífsberjarunnar og svo var beð með rabarbara og annað með gulrótum, gulrófum, radísum og jarðarberjum. Alltaf voru keypt sumarblóm til að setja í beðin, einkum stjúpur, bellísar og morgunfrúr. Einnig færði Inger á Teigi, sem var mikil ræktunarkona, Siggu stundum sumarblóm í garðinn. Sigga sá um garðinn og hirti hann eins og tími vannst til frá öðrum verkum. Ég hafði mikinn áhuga á ræktun og lagði oft hönd á plóg, sló grasflatirnar með handsláttuvél, vökvaði ef þurfti og greip í arfaklær svo oft sem verða mátti. Affallsvatn af hitakerfi íbúðarhússins rann frá húsinu að vestanverðu í stóran bala. Þar var því ávallt nóg af ylvolgu vatni til að vökva með garðinn í þurrkum.



Þórmundur Vigfússon, faðir Sigríðar í Meltúni, á Baróns-Grána. Hann er að koma frá því að fylgja baróninum á Hvítárvöllum, Charles Cauldrée Boilleau, á skipsfjöli er hann lagði af stað í sína hinstu ferð. Ljósmyndari óþekktur, september 1901.



Þorri, reiðhestur Eiríks, í ímynduðu landslagi, eins og Sigríður Þórmundsdóttir segir sjálf á bakhlið myndarinnar sem hún málaði 1983, þá 77 ára að aldri. Ljós. Áslaug Svavarsdóttir, júní 2020.




Þorri á hlaðinu í Meltúni. Bak við klárinn sést í nýreista Álafossverksmiðjuna. Ljós. Kristbjörn Egilsson, ágúst 1965.



Í Meltúnsgarði. F.v. Sigurbjörg Eiríksdóttir, Áslaug Svavarsdóttir, Guðmundur Á. Halldórsson, Eiríkur E. F. Guðmundsson, Sámur og Sigmar Pétursson. Ljós. Svavar Sigurjónsson, ágúst 1960.

Seinna, þegar ég fór að vinna hjá Skógræktinni í Fossvogi, fór ég stundum með trjáplöntur og plantaði í Meltúnsgarðinn. Því var ávallt tekið með miklum þökkum og fögnuði. Sigríður hafði oft á orði að merkilegt væri hvað trén þrifust vel á þessum gamla óræktarmel en ég minnti hana þá á að hænsnaskíturinn væri drjúg hjálparhella við ræktunina.

Vorið 1963 fermdist ég, hinn 7. apríl á pálmásunnudag. Ég fór nýfermdur í heimsókn upp í Meltún laugardaginn fyrir páska. Mér er minnisstætt að um nóttina gerði gífurlegt kuldakast. Hitinn féll skyndilega um allt að 20°C. Fór úr +9°C og niður í -9–11°C. Vorið, bæði mars- og aprílmánuðir, hafði verið óvenju hlýtt og gróður farinn að taka við sér, tún að grænka og innfluttar tegundir, þar á meðal alaskaösp, byrjaðar að bruma og jafnvel laufgast. Allar aspinnar í Meltúnsgarðinum kól niður í rót og þótti það mikið áfall. Birkið lét samt ekki blekkjast og stóð af sér hretið.



Fermingardrengurinn Kristbjörn Egilsson. Ljós. Studíó Guðmundar, Garðastræti 8, apríl 1963.



Sigmar Pétursson leikur við frænku sína Áslaugu Svavarsdóttur í Meltúnsgarðinum. Takið eftir fýðraða hitaveiturörinu sem liggur að húsinu. Rotþróin er gafin niður t.h. þar sem steinabeðið er. Braggar í eigu Álafoss eru í baksýn og Helgafellsbærinn. Ljós. Svavar Sigurjónsson, ágúst 1960.

Útihúsin

Fjós og hæsnahús voru sambyggð ásamt hlöðu, traktorsskúr, hesthúsi og mjólkurhúsi. Þetta voru einnar hæðar byggingar með lágu risi og stóðu við þjóðveginn sem lá niður að Álafossi. Hlaðan var nyrst, svo fjósið og loks hæsnahúsið. Húsin mynduðu vinkil og voru minni húsin, með skúrþaki, í skjóli þeirra þ.e. mjólkurhús, hesthús og traktorsskúr. Rétt sunnan við gripahúsin var innkeyrslan að bænum, en íbúðarhúsið stóð nokkru vestar á hlaðinu. Utan túnhlöðsins var brúsapallurinn.

Nokkru sunnan við gripahúsin var nátthagi kúnna og á þeim reit stóðu fjárhúsin, rétt við hitaveitustokkinn. Þau voru arfleifð frá hersetunni, hlaðin múrsteinshús með lágu, bognu þaki. Gluggakarmarnir voru úr járni með möttu, vírsettu gleri, einnig upprunnir úr herbröggum síðari heimsstyrjaldarinnar. Sams konar gluggar voru í öllum útihúsunum. Engin hlaða var við fjárhúsin, en þegar vel heyjaðist var settur upp galti við húsin. Annars þjónaði fjóshlaðan öllum bústofninum. Húsin í Meltúni voru alla tíð máluð ljósgul með rauðu þaki. Snyrtileg umgengni var aðalsmerki hjónanna í Meltúni.

Tómstundir og skemmtan

Heima í Meltúni voru kvöldin nýtt til lestrar eða spjalls. Útvarpssagan var líka vinsæl. Þá var lesin bæði útvarpssaga og síðan kvöldsaga í útvarpinu sama kvöldið. Svo tókum við Simmi, Eiríkur eða Sigga stundum í spil, framsóknarvist og ólsen-ólsen. Sigga kunni ógrynni af spilaköplum sem hún kenndi okkur Simma. Mikilvægt var að hætta ekki að leggja kapalinn fyrir en hann gekk upp. Slíkt gat tekið langan tíma. Stundum lagði húsfreyjan svokallaðan letikapal þegar hún fékk sér pásu, t.d. eftir uppvaskið. Oft skaust ég á kvöldin niður í Eik til að hitta Guðbjörgu systur og Höddu og Tomma og krakkana.

Seinna sumarið mitt í Meltúni hjólaði ég úr bænum upp í Mosó og notaði hitaveitustokkinn stóran hluta leiðarinnar. Hjólið gerði mér kleift að skjótast hingað og þangað um næsta nágrenni til að kynna mér staðhætti.

Varmá heillaði. Áin var stífluð ofan við Álafossverksmiðjuna og þar var dálítið lón. Þarna upp-götvaði ég ála. Ég hafði heyrt af tilvist þessara merkilegu fiska og vissi að þeir bárust með Golfstraumnum alla leið úr Þanghafinu upp að Íslandsströndum. Í sjónum voru þeir örsmáir og glærir, kölluðust glerálar. Í raka undir steinum við lónið veiddi ég þessa furðufiska sem mér fundust úr öðrum heimi. Á leið sinni úr söltum sjó upp í ferska og volga Varmána höfðu þeir breyst úr glerál í venjulegan ál. Höfðu fengið gulan eða móleitán lit og voru fremur litlir, kannski 10–15 cm langir, glansandi og sleipir. Flestum slepti ég en tvo tók ég með mér heim og hafði í stómi ferkantaðri glerkrukku. Ég setti sand og grjót í botninn og lifðu álarin vel og lengi hjá mér í prísundinni. Álafoss bar sem sagt nafn með rentu.



Hitaveitustokkurinn. Bæjarhúsin á Lágafelli standa upp úr dalalæðunni. Hjólaleið kaupmannsins í Meltúni fram og til baka til Reykjavíkur. Mun betra var að hjóla eftir stokknum heldur en á forugum, eða rykugum þjóðveginum. Ljós. Orkuveita Reykjavíkur, ljósmyndari Vignir, ártal ekki vitað.



Áll (Anguilla anguilla). Ljós. Bændablaðið með góðfúslegu leyfi.



Grápadda eða breiðlodd (Porcellio dilatatus). Ljósmynd af Erling Ólafsson.



Meltúnshlaðið. Kristbjörn Egilsson býr sig undir reiðtúr á Vindi sem Matthías á Teigi lánaði honum einu sinni sem oftast. Esjan í baksýn. Ungi maðurinn er klæddur Wrangler gallabuxum, ullarúllukragapeysu frá Anderson & Laut, gúmístígvélum og með ítölskum gleraugu frá Gleraugnabúðinni Laugavegi. Ljósmynd af Einar E. Guðlaugsson, ágúst 1969.

kynntist þessum kökkum sama og ekkert, fór örsjaldan niður á Eyri. Eldri börnin komu stundum til að leika sér í hlöðunni þegar ný taða var komin í hús. Ég hafði meira gaman af því að vera með fullorðna fólkinu en krökkum sem ekkert gerðu allan liðlangan daginn annað en að leika sér.

Grápöddurannsóknir. Hitaveitustokkurinn hafði magnað aðdráttarafl fyrir upprennandi líffræðing, ævintýraheimur smádyranna. Þar sem stokkurinn var opinn mátti kíkja inni hann og sjá ylvoga vatnsleiðsluna. Hún var fóðruð með torfi, eða reiðingi, sem haldið var saman með þéttriðnu vírneti, svokölluðu hænsnaneti. Stokkurinn sem steyptur var utan um rörið var heimili óteljandi smádyra. Skoðunarferðir voru einkum farnar til að rannsaka og fylgjast með iðandi kös af forn- eskjulegum risastórum pöddum, sem kallaðar eru grápöddur. Þær gátu orðið allt að 2 cm á lengd, dökkgráar eða brúnleitar á litinn. Bolurinn sporöskjulaga og greinilega liðskiptur, fótapörin sjö og fram úr dýrinu stóðu tveir veglegir fálmarar. Grápöddumar áttu sældarlíf í stokknum og gróinni moldinni meðfram honum vegna hitans, hæfilegs raka og skugga. Seinna lærði ég að grápöddumar teljast til krabbadyra og tilheyra jafnfætulum (Isopoda). Þær eru sem sagt allskyldar rækju og humri og alls engin skordýr. Grápaddan lifir einkum á rotnandi jurtaleifum og gegnir því mikilvægu hlutverki í hringrás næringarefnanna. Í stokknum var ýmislegt annað iðandi smádyralíf og má þar nefna sprettharðar langfætlur, þúsundfætlur og langfætlur ásamt köngulóm og glansandi bjöllum.

Auður systir mín kom í heimsókn einu sinni. Við fengum lánaða hesta og fórum í langan reiðtúr suður að Reykjahvoli, að Hafravatni og inn í Þormóðsdal. Við Guðbjörg fórum líka stundum í útreiðartúr.

Niðri við Varmá var svokölluð Eyri. Þar voru einir fjórir sumarbústaðir. Pabbarnir óku í bæinn á glæsikerrum flesta morgna til vinnu, enda einhvers konar forstjórar, í stíffressuðum buxum. Krakkarnir og mömmurnar nutu sumarsins. Ég



Gestir boðnir velkomnir. Eiríkur E. F. Guðmundsson heilsar Stefáni Thorarensen og Katrínu S. Frímansdóttur. Stefán átti Austin-jeppann. Hænsnahúsið og fjósið eru sambyggð bak við jeppann. Bragginn t.h. er á melnum handan við Álafossveginn og var í eigu Reykjalundar. Reykjafjall (Reykjafell) í bakgrunni. Ljós. Kristbjörn Egilsson, október 1964.

Gestakomur

Í minningunni komu gestir í Meltún alla daga, á morgnana, síðdegis og á kvöldin. Alltaf mátti eiga von á innliti. Þegar ég kom inn í morgunmat eftir að hafa rekið kýrnar í haga hafði oft einhver gestur tekið sér sæti við morgunverðarborðið. Smá innlit, stutt erindi og flestir þáðu kaffi. Margir gestanna voru karlar komnir yfir miðjan aldur, að því er mér fannst. Oftast voru þetta nágrannar úr sveitinni, bændur jafnt sem lausamenn. Aðrir voru lengra að komnir og nýttu ferðina til að kíkja á höfðingjana sem bjuggu í Meltúni. Sumir komu færandi hendi, þegar leið á sumarið fylltist húsið t.d. af tótmötum, agúrkum, steinselju og ýmsum grænmetistegundum sem ég hafði aldrei séð áður. Gjarnan voru þetta sendingar frá garðyrkjubændum í nágrenninu og sumarhúsafólkinu á Eyrinni sem var með gróðurhús, en það fólk keypti oft egg og spenvolga nýmjólk í Meltúni.

Sumir fastagestimir eru eftirminnilegir enda voru það litríkar persónur, sögufróðar, fyndnar og skemmtilegar. Aðallega voru þetta karlar, sem margir höfðu mikinn áhuga á rollum og búskap. Margir tóku í nefið, sumir reyktu og allir þömbuðu Kaaberkaffið í lítratáli og bakkelsið hvarf fljótt af diskunum. Má þar nefna Ása í Ekru, Vígmund á Efra-Hvoli, Boga á Sólvöllum,

Höskuld í Dælustöðinni, Hauk á Helgafelli, Óla á Ökrum og Jón á Reykjum. Ekki má gleyma Stefáni Thorarensen og Katrínu S. Frímansdóttur. Allt fór fram af drengskap við gestaborðið í Meltúnseldhúsinu.

Af framangreindum er Ási í Ekru, Ásgeir Nordahl, mér einkar minnisstæður enda var hann fastagestur við eldhúsbörðið, oft á björtum sumarkvöldum. Hann kom alltaf á reiðhjólinu sínu og var með barðastóran sumarhatt, hálfgerðan panamahatt. Engir aðrir fullorðnir í sveitinni voru á hjóli, og hvað þá með ekta hatt. Ási var sjónskertur frá fæðingu og gekk með mjög þykk gleraugu í gylltri umgjörð. Oft var hann með sólgleraugu þó ekkert sólskin væri. Vegna meðfæddrar fötlunar þoldi hann birtuna illa í augu og á húð. Ási var skemmtilegur, vissi margt og spjallaði um heima og geima, lagði alltaf eitthvað gott til málanna. Ási var að hluta til alinn upp hjá Ingunni og Helga á Reykjahvoli. Ingunn var, eins og áður sagði, móðursystir Sigríðar þannig að tengslin við Meltúnshjónin voru sterk.

Einnig hafði ég nokkur kynni af Stefáni Thorarensen og Katrínu S. Frímansdóttur. Hann var fyrrverandi lögregluþjónn og fangavörður, kominn á eftirlaun. Stefán átti litla jörð, Búrfell, og hélt þar kindur, en bjó í Reykjavík með Katrínu, sem var ráðskona hans. Stefán var rollukarl af lífi og sál og Kata gaf honum ekkert eftir í því áhugamáli. Stefán sá líka um markaskrá Reykvíkinga og hann mun hafa verið afar fjárglöggur maður. Þau komu oft við í Meltúni á leið sinni upp í Búrfell,



Meltúnshlaðið. Katrín S. Frímansdóttir á leið í bæinn með bakkelsi. Bragginn t.h. er á melnum handan við Álafossveginn. Reykjafall (Reykjafell) í baksýn. Ljós. Kristbjörn Egilsson, október 1964.

stundum færandi hendi með nýbökud vinarbrauð, afmælskringlur og volgt brauð úr bakaríi. Mér þótti þau vera fjörug og orðheppin. Eftir að Stefán lést átti Katrín oft skjól í Meltúni tíma og tíma og lá ekki á liði sínu við skepnuhirðinguna og sauðburðinn.

Við og við komu ættingjar og vinir hjónanna í heimsókn, úr Borgarfirði og vestan af fjörðum. Ein systir Sigríðar kom oft, en hún bjó í Reykjavík.

Aðalgestirnir voru í raun ekki gestir heldur heimilisfólk sem kom flestar helgar. Það var tilhlökkunarefni á sunnudagsmorgnum þegar glæsileg, amerísk drossía renndi í hlað og út stigu dóttirin Siddý, tengdasonurinn Svavar og hin káta Áslaug, þriggja ára orkubolti. Þá var haldin sunnudagsveisla, lambahryggur eða lambalæri og stundum ungfálalæri, með brúnuðum kartöflum, rauðkáli, grænum baunum, rabarbarasultu og sósu. Royal-búðingur var oft í eftirmat eða ís.



Sigurbjörg Eiríksdóttir, Áslaug Svavarsdóttir og Svavar Sigurjónsson. Ljósmyndari óþekktur, 1961.

Minnisstætt er þegar eitt sinn kom kona ríðandi heim í Meltún. Hún var var kölluð „Tryppa-Sigga“, annáluð hestakona á sífelldu flakki um sveitir landsins. Hún hét fullu nafni Jóna Sigríður Jónsdóttir. Það var í raun einstakur viðburður að einhver kæmi ríðandi í heimsókn í Meltún. Um þetta leyti varð Sigga landsfræg því hún lenti í aftakaveðri, ein á hesti sínum Ljóma, á leiðinni frá Kalmanstungu að Hveravöllum sumarið 1963 og fannst eftir fjóra daga, hrakin en hress.

Ekki get ég heldur gleymt þeim Gísla Þ. Magnússyni og Sigríði Bjarnadóttur á Vatni. Þau bjuggu á grasbýlinu Leirvogsvatni og komu stundum við á leið sinni í Kaupfélagið, oftast sitt í hvoru lagi. Gísli var heymarskertur, talaði ekki mikið og hafði sérstæðan talanda, var fátæklega til fara, sérstakur maður í drengsminninu. Sigríði man ég minna eftir. Þeim var ávallt vel tekið, enginn mannamunur var gerður í Meltúni, allir fengu gott viðmót.


Kvöld eitt í ágústmánuði hringdi síminn síðla kvölds, sem ekki var algengt. Sigga svaraði og eftir nokkra stund kom hún til okkar og sagði að Hlín Ingólfsdóttir á Reykjalandi hefði verið að biðja þau að taka uppáhaldskú móður sinnar í fóstur. Og hver var mamma Hlínar? Hún hét einnig Hlín og bar eftirnafnið Johnson. Hún var hvorki meira né minna en sambýliskona Einars Benediktssonar skálds og hafði búið með honum í Herdísarvík í mörg ár. Ég kannaðist við þau, enda landsfræg og umtöluð. Árið 1963 bjó Hlín í Fossvogi, orðin gömul og lasburða. Hún vildi ekki lóga bestu kúnni sinni og treysti Meltúnshjónunum fyrir skepnunni. Kýrin kom í fylgd fósturu sinnar og átti sinn bás í Meltúnshjósínu eftir það.

Ferðir af bæ

Yfirleitt var ég ekki mikið að fara á aðra bæi, nema þá í sendiferðir á sveitabæina og íbúðarhúsin sem voru næst Meltúni og svo í Kaupfélagið eða niður að Álafossi.

Heimilið í Eik stóð mér ávallt opið. Þar bjuggu ung hjón þau Hrafnhildur Ágústsdóttir og Tómas Lárusson, með tveim börnum, Ágústi og Katrínu. Guðbjörg systir mín var þar barnapía, sem áður segir. Þau voru að byggja íbúðarhúsið og höfðu flutt inn í það ófullklárað, eins og tíðkaðist á þessum árum. Eldhúsið var samt tilbúið í allri sinni dýrð. Aldrei hafði ég séð jafnflott eldhús, lakkað í hólf og gólf, hvítt og ljósgrænt og með vínflísum á gólfinu. Sparistofan var hins vegar örsmá því að eitt barnaherbergið var notað sem stofa, enda húsið hálfkarað. Stóra stofan var aðeins tilbúin undir tréverk. Gólf voru máluð með grámi glansmálningu. Á þessum árum byggði ungt fólk hús sín sjálf og flutti inn um leið og hægt var. Heimilisbíll hjónanna var hinn óviðjafnanlegi blöðruskódi.

Hadda var hæg og róleg, hjartahlý, brosið blítt og röddin mild. Hún náði auðveldlega trausti krakka og unglinga. Tommi var kátur, glettinn með fínan húmor og pínulítið stríðinn. Ég man hvað augun í honum ljómuðu af gleði og kátínu þegar við hittumst. Hjónin í Eik urðu svo æviginir mínir.



Fjölskyldan í Eik. Ágúst í fangi föður síns, Tómasar Lárussonar, og Katrín, nýskírð hjá móður sinni, Hrafnhildi Ágústsdóttur. Ljós. Rakel Ágústsdóttir, des. 1958.

Hjá Höddu voru flestir gluggar fullir af blómum sem flest voru ræktuð upp af afleggjurum, en á þessum tíma skiptust húsmæður gjarnan á þeim. Allar tegundirnar áttu sér íslensk heiti eða tilbrigði af erlendum heitum. Má þar nefna fljúgandi diska, þúsundbarnamóður, tannhvassa tengdamömmu, regnhlífablóm, iðnu lísu, gyðinginn gangandi, járnbrautarlestina, mánagull, blóðdropa Jesú Krists, havaírós, pelargóníu, begóníu og gúmmítré. Hjá Höddu fékk ég svo afleggjara sem ég ræktaði heima á Laugaveginum og sumar plönturnar átti ég áratugum saman. Þá var garðyrkja Eikarhjónunum mjög hugleikin og voru þau þegar byrjuð að skipuleggja garðinn, rækta upp tré, runna, fjölærar jurtir og matjurtagarð. Þau unnu bæði á Reykjalundi.

Á Ökrum bjó frænka Sigríðar, Oddný Helgadóttir, með manni sínum, Ólafi Péturssyni, og tveim börnum. Þangað kom ég stundum og á næsta bæ, Reykjahvol, þar sem systir Oddnýjar bjó á arfleifð foreldra sinna.

Á Teigi var nýttísku hænsnabú þar sem ræktaðir voru fyrsta flokks hænuungar. Þeir voru seldir til að verða varphænur á sveitabæi og hænsnabú víða um land. Þar bjuggu Matthías Einarsson og Inger Kristensen með komungum syni. Matthías lánaði mér stundum hest, Vindur hét hann, ef mig langaði í útreiðartúr á kvöldin. Inger var dönsk. Hún var að koma sér upp glæsilegum garði og í húsinu hennar var blómastofa með alls konar nýstárlegum plöntutegundum sem hún hefur líklega fengið margar frá Danmörku.



Feðginin Guðbjörg barnapía í Eik, níu ára, og Egill Kristbjörnsson. Ljós. Ingigerður Jónsdóttir, september 1960.



Systkinin í Eik, Ágúst og Katrín Tómasarbörn. Ljós. Rakel Ágústsdóttir, desember 1962.

Minningar Sigríðar Þórmundsdóttur í Meltúni

Þegar ég var að skrifa um sveitadvöl mína í Meltúni bárust mér í hendur, frá Meltúnsfjölskyldunni, minningarbrot sem Sigríður hafði skráð árið 1991 um lífshlaup þeirra Eiríks. Ég fékk góðfúslegt leyfi til að birta þær í Meltúnsbókinni:

„Ég er fædd í Langholti í Borgarfirði árið 1906. Foreldra mínir bjuggu þar frá 1904–1929. Þá keyptu þau Bæ í Borgarfirði og fjölskyldan flutti þangað.

Í Langholti er ég alin upp og við ellefu systkinin sem náðum fullorðinsaldri en fjórtán urðum við alls. Lífað var einföldu lífi í mínum uppvexti. Það var hefðbundinn sveitarbúskapur eins og hafði tíðkast í áratugi lítið breyttur.

Bærinn sem ég ólst upp í var torfbær. Hann þótti frekar rúmgóður en oft var þó þröngt. Baðstofunni var skipt í þrennt. Það var gengið úr bæjardyrnum inn í miðbaðstofuna. Í henni var eitt rúm þegar ég fyrst man eftir og lítil eldavél svo kölluð kassína. Hún var með einu eldhólfi. Þar var hægt að hita kaffiketilin og fá hlýju inn í hin herbergin með því að hafa opið á milli. Upp úr vélinni var mjótt reykrör upp í gegnum þekjuna á bænum. Stundum munaði litlu að ekki kviknað í þegar vel var kynt og þekjan þurr torf.

Inn úr miðbaðstofu var gengið í norður og suður enda. Þar voru hin herbergin. Það voru 4 rúm í suðurendanum og eitt borð á milli rúmana. Það var eina mublan í þessu herbergi. Setið var bara á rúmunum. Einn lampi á þilinu milli gluggana yfir borðinu. Tvö koffort voru hjá borðinu sem líka var hægt að sitja á.

Í norðurendanum þar sem mamma og pabbi sváfu voru 2 rúm, einn díván og lítil kommóða, borð og einn stóll. Yfirleitt var setið á rúmunum.

Úr bæjardyrnum var líka gengið inn í eldhús og búr. Þegar ég var innan við sjö ára var hlóðeldhús heima og ég man vel eftir því. Svo var frambærinn byggður upp og þá kom stór kolaeldavél með giltum hring framan á vélinni svo enginn skildi brenna sig ef of nær var farið. Eldurinn var falinn í vélinni á nóttunni. Þá var hún alltaf volg og hægt að þurrka á henni sokka og vettlinga því mikið þurfti að þvo og þurrka.

Lífið gekk áfram sinn vanagang. Smátt og smátt, héldum við systkinin áfram að stækka og eldast. Það var ekki mikið um skóla í þá daga, en öll fengum við einhverja fræðslu fyrir fermingu. Þá voru svokallaðir farskólar í sveitunum. Kennarinn fór á milli bæja og var einn mánuð á bæ. Svo gátum við krakkamir gengið á milli ef stutt var á milli bæja. Svoleiðis fengum við um tveggja mánaða kennslu á vetri.

Okkur systkinunum gekk vel að læra og mamma og pabbi vildu að við gætum lært eitthvað meira en bara barnaskóla. Bræður mínir þrír fóru á bændaskólann á Hvanneyri, við systurnar þrjár fórum á Kvennaskólann á Blönduósi og tvær systur okkar á Hvítárbakkaskólann. Einn bróðir okkar lærði smíðar og einn fór í Reykholtsskóla. Karl bróðir okkar fór ekki í neinn skóla utan barnaskóla. Hann var svo málhatur en annars vel gefinn.

Svo fór að líða að því að þetta fólk hafði ekki allt nóg að gera heima. Þá var farið út og suður að vinna hjá öðrum.

Ég var 18 ára gömul þegar ég fór að Höfn í Melasveit og vann þar öll algengustu sveitastörf um veturinn og vorið. Þá var ekki aðra vinnu að fá handa stúlkum og voru það kölluð vinnukonustörf. Svo var farið heim um heyskapartímenn. Þá þurfti margt fólk við heyvinnuna. Svo vann ég heima þangað til ég fór að Reykjavoli þegar ég var 20 ára og vann ég þann vetur og vorið fram að slætti þá var farið heim í heyvinnuna.

Um haustið þegar ég var 21 árs fórum við Vala systir mín á kvennaskólann á Blönduósi. Það var skemmtilegur vetur að mega læra. Þar vorum við í níu mánuði á skólanum. Um sumarið fórum við fram í Vatnsdal og vorum þar kaupakonur um sumarið. Það var gaman að koma í nýtt umhverfi og kynna nýju.

Um haustið fórum við suður í Borgarfjörð aftur og stoppuðum nokkrar vikur heima. Svo fór ég að Hvítárbakka um haustið og vann sem þjónusta við skólann um veturinn ásamt annarri stelpu norðan úr Húnavatnssýslu. Við höfðum mikið að gera um veturinn. Við þjónustuðum 30 strákkum. Hirtum gangana í skólanum og borðstofuna. Þægindin voru engin. Það var gamalt þvottahús með kolakyntum þvottapotti. Þvottinn urðum við allan að þvo í böllum á brettum. Svo urðum við að skola allan þvottinn í Hvítá því ekkert vatn var inni til að skola úr mikinn þvott. Þetta var vond vinna. Við fórum snemma á fætur þvottadagana. Við vorum þar heitar og sveittar frameftir degi. Þá varð að fara með þvottinn



Eiríkur E. F. Guðmundsson á Gránugötu Siglufirði. Minna húsið t.v. stendur enn, neðra húsið „með kvistunum, hús Alfons Jónssonar var rífið skömmu eftir 1990. Takið eftir að Eiríkur er glæsilega klæddur samkvæmt enskri tísku að hætti ungra manna á þriðja áratugnum, tvíhneppt jakkaþöt, skyrtu og bindi, rykfrakki og barðastór hattur með breiðu bandi. Ljósmyndari óþekktur, sumarið 1927.

niður í Hvítá og skola hann úr ísköldu vatni oft í frosti og köldu veðri. Við vorum alltaf láttnar fá sex stráka með okkur að skola í ánni. Þeir keyrðu balana í hjólbörum eða handvagni. Svo áttu þeir að hjálpa til við að skola og vinda þvottinn. Ég sé það eftir á hverslags vinnubrögð þetta voru því það var flogist á og slegist með blautum þvotti og oft mesta mildi að ekkert slys hlaut af því Hvítá var djúp og straumhörd en allt slampaðist slysaust af.

Þennan vetur kynntist ég Eiríki Guðmundssyni sem seinna varð maðurinn minn og sá kunningskapur slitnaði aldrei fyrr en dauðinn skyldi okkur eftir 54 ára hjónaband.

Þennan vetur var oft skemmtilegt og gleðskapur hjá unga fólkinu. Maður hefði gjarnan viljað hafa veturinn lengri, þó oft væri erfitt. Svo kom vorið og þá skildu leiðir. Eiríkur fór að Korpúlfsstöðum og var þar í heilt ár. Ég fór heim og var heima sumarið. Ég lá lengi um vorið, hafði forkelast við þvottana í Hvítá um veturinn.

Um haustið fór ég aftur að Reykjahvoli og var þar um veturinn og fram að slætti. Eiríkur fór norður á Siglufjörð þetta sumar í síldarvinnu. Ég var áfram heima því þá voru hinar systur



Sigríður Þórunsdóttir og Eiríkur E. F. Guðmundsson á góðum degi. Ljósmyndari óþekktur, líklega tekin um 1935.

mínar famar út og suður. Eiríkur kom að norðan um haustið. Stoppaði í stuttan tíma heima fór svo að Grímstöðum á Mýrum og vann þar við fjárgeymslu um veturinn. Svo kom hann að Bæ um vorið og var heima allt sumarið þar til heyskapur og haustverk voru búin. Þá fór hann vestur og var fram að jólum þar. Kom svo aftur suður og fór á vertíð í Keflavík. Þar ætlaði hann að vera um veturinn en koma svo aftur að Bæ í kaupavinnu um sumarið. Eiríkur var heima í nokkra daga áður en hann fór á sjóinn, tók svo áætlunarbíl til Reykjavíkur. Þá varð að taka bílinn hjá Hesti í Borgarfirði og það var þó nokkuð langt. Ég fylgdi honum á stoppistöðina. Einn bær var á leiðinni þar vorum við kunnug og ég stoppaði þar í báðum ferðum. Við kvæddumst á stöðinni og hvert fór sína leið og yfirleitt vorum við alltaf að heilsast og kveðjast um árabíl.

Nú vorum við farinn að hugsa um að vera einhvers staðar saman og hafa okkar heimili þar sem hægt væri að fá vinnu en það var erfitt á þessum tíma, atvinnuleysið var mikið.



Reykjahvolshjónin Ingunn Guðbrandsdóttir og Helgi Finnbogason. Ljósmyndari óþekktur, ártal ekki vitað.

Allt gekk vel um veturinn fram að páskum þá veiktist Eiríkur af lungnabólgu. Hafði ekki nógu góða aðhlyningu. Hann fékk blóðuppgang og varð að fara á Víflsstaðahælið. Þetta urðu mikil vonbrigði hjá okkur báðum en lífið varð að halda áfram. Ég fór að Lágafelli um vorið og var þar um sumarið, þá var styttra fyrir mig að heimsækja hann. Eiríkur losnaði frá hælínu seint í ágúst um sumarið og fór þá vestur á Súgandafjörð. Þá vorum við búinn að tala um að ég kæmi vestur þegar ég losnaði frá Lágafelli. Ég var búin í vistinni seinast í september. Þá skrapp ég í nokkra daga heim til að kveðja. Svo fór ég vestur. Ég fór með skipi til Ísafjarðar. Það var lengi á leiðinni og kom á hverja höfn. Eiríkur var kominn til Ísafjarðar að sækja mig. Hann var með tvo hesta handa okkur. Þá voru engir bílar famir að ganga yfir heiðina.

Það var orðið svo áliðið þegar skipið kom til Ísafjarðar að við gistum þar um nóttina og lögðum á heiðina snemma næsta dag. Eiríkur hringdi til þabba síns áður en við lögðum af stað svo hann vissi nokkum vegin hvenær við myndum koma.

Veðrið var sæmilega gott þegar við fórum frá Ísafirði um morguninn en þó komin slyddubleyta. Þegar við komum upp á heiðina var þar kominn þreifandi bylur og ekki hægt að sitja á hestunum svo við urðum að ganga og ferðin gekk hægt því það var kominn ófærð á heiðina. Eiríkur var kunnugur leiðinni svo þetta mjakaðist áfram hægt og hægt. Að Botni komum við ekki fyrir er það seint að búíð var að loka símanum og ekki hægt að láta af sér. Við og hestarnir líka vorum orðin þreytt þegar við komum að Botni og fólkið heimti okkur alveg úr



Reykjahvolstorfan. F.v. Hverabakki, fyrsta hús Sigríðar og Eiríks, sem þau fluttu með sér í Meltún, gróðurhúsin á Ökrum, Akrar og lengst t.h. er Reykjahvolsbærinn ásamt útihúsum. Í baksýn f.v. Helgafell, Æsustaðafjall og Reykjafjall (Reykjafell). Snjór er í Esju. Ljós. frá breska og bandaríska hernum. Ljósmyndari óþekktur, 1941–45.

helju. Það var farið að vonast eftir okkur fyrir löngu. Í Botni fengum við góðar móttökur, bæði við og hestarnir og stoppuðum þar nokkuð lengi meðan verið var að jafna sig. Ég var hálf hrædd um Eirík því hann var nýkominn af sjúkrahúsi en allt í lagi með mig. Þá hafði maður ekki vanist öðru en erfiði. Það var komið myrkur þegar við komum á Suðureyri annars gekk ferðin vel frá Botni.

Þegar við komum inn í þorpið mættum við hóp af mönnum sem voru lagðir af stað að leita að okkur dauðaleit en þarna vorum við komin og vorum furðu fljót að jafna okkur eftir ferðalagið og allir gladdir yfir að við urðum ekki úti á heiðinni.

Þá var ég komin til Suðureyrar við vorum fyrst nokkra daga hjá Guðmundi og Sveinbjörgu foreldrum Eiríks en fengum svo leigt herbergi og eldunaraðstöðu hjá Daníel bróðir Eiríks. Eiríkur vann við skólann og ég kenndi tveimur krökkum að lesa sem ekki gátu fylgst með í skólanum.

Þarna vorum við loksins búin að stofna okkar eigið heimili þó ekki væri það stórt, okkur leið vel og við vorum ánægð. Tíminn leið fram að jólum þá giftum við okkur á annan í jólum 1932 í kirkjunni á Stað. Það var heilmikið að snúast hjá fólkinu hans Eiríks með boð og þesshátar fram yfir áramót. Um miðjan janúar er ég allt í einu orðin fátveik með mikinn hita og vanlíðan. Hvergi var hægt að ná í lækni nema koma með hann frá Flateyri á bát því heiðin til Ísafjarðar



Fjárhúsin í Meltúni. Upprunalega hlaðnar músteinsbyggingar með bogapaki frá hernámsárunum. Steinsteyptri rafmagnsstaurinn handan við húsin er hluti raflínu sem Rafmagnsveita Reykjavíkur lagði upp í Mosfellssveit stuttu eftir 1937. Ljósmyndari óþekktur, 1950–60.

var ófær. Læknirinn vissi ekkert hvað var að en vildi láta flytja mig strax á sjúkrahúsið á Ísafirði og það var gert með sama bátinum og læknirinn kom með. Hann fór með mér.

Svona var á komið fyrir okkur eftir stutta sambúð. Eiríkur fór með mér til Ísafjarðar og var þar á meðan verið var að athuga hvað væri að. Það reyndust vera berklar í móðurlífi. Það var alvarlegur sjúkdómur þá og lítið hægt að gera. Þarna lá ég meira og minna veik fram í nóvember haustið eftir.

Þetta var erfiður tími hjá okkur báðum. Eiríkur varð að snúa heim vonsvikin og ég eftir á sjúkrahúsinu vonlítill sjúklingur og enginn bjóst frekar við að ég kæmi lifandi aftur en ég var þó ung og dagarnir ekki uppi eins og þar stendur. Eiríkur kom um páskana í heimsókn á spítalann þá var erfið færð á heiðinni. Hann var gangandi og ferðin var honum og erfið. Hann veiktist aftur og var lagður inn á sama sjúkrahúsið og ég lá á. Þarna vorum við bæði allt sumarið og fram í nóvember. Þá mátti ég fara heim. Var þá fyrir stuttu búinn að gangast undir stóra aðgerð. Hún tókst sæmilega. Svo ég mátti fara. Þegar við komum til Reykjavíkur stoppaði ég um tíma hjá Sillu og Völu systur mínur en fór svo að Reykjahvoli. Eiríkur fór beint til Vífilstaða þegar við komum suður og var þar þá næstum ár á meðan var ég í Reykjahvoli. Mér fór mikið fram með heilsuna þetta ár og hjálpaði til við heimilisstörfin eins og heilsan leyfði.

Næsta vetur var ég um tíma hjá Sillu systir minni. Það var lasleiki hjá henni. Þennan vetur losnaði Eiríkur frá Vífilstöðum og var um tíma hjá Kristínu systir sinni. Þá er nú liðið mikið á þriðja ár frá því við giftum okkur og alltaf aðskilin vegna veikinda.

Og nú er komið vorið 1935 og í gegnum kunningsskap komumst við bæði í vinnu á Álafossi þetta vor. Við þóttumst heppin því þá var mikið um atvinnuleysi og þar með erum við alkomin í Mosfellssveitina. Um sumarið var Eiríkur vörður við sundlaugina en ég vann í matjurtargarði sem heimilið hafði. Um haustið fórum við bæði að vinna inni í verksmiðju, ég í tauin en hann lagermaður.

Nú líða næstu tvö ár á gekk vond influensa og Eiríkur veiktist svo illa að hann verður að hætta að vinna og enn lá leiðinn til Vífilsstaða og hann er þar nú á annað ár, en ég vinn áfram á Álafossi.

Eiríkur losnaði frá Vífilstöðum seinnipart vetrar og dvaldi um tíma hjá systur sinni í bænum. Hann var ekki álitinn nógu hraustur til að vinna inni í verksmiðjunni. Þá um vorið kaupum við lítið hús og fengum blett undir það niður við hverinn í Reykjahvoli og fluttum okkar heimili þangað. Þar var þá kominn lítill Hverabakki. Eiríkur var kominn til nokkuð góðrar heilsu og fór fljótlega að vinna ýmis létt störf, við að mála og betrekkja hjá fólki. Þá var herinn kominn



Sigríður Þórmundsdóttir og Eiríkur E. F. Guðmundsson með dótturina Sigurbjörgu (Siddý) fyrir framan Hverabakka. Ljósmyndari óþekktur, líklega tekin um 1943.

og orðin þétt braggabyggð í Reykjahverfinu. Það var byggt bíóhús fyrir hermennina. Það er hænsnabúið á Reykjum núna. Eiríkur vann við bygginguna á þessu húsi og var svo húsvörður við það þar til herinn fór. Ég vann við sauma hjá konu á Álafossi og líka heima í Reykjahvoli í eldhúsinu hjá Ingunni.

Á Hverabakka áttum við heima í átta ár. Þegar við vorum búin að vera þar í þrjú ár fjölgaði í húsinu. Til okkar kom lítill stúlka nýfædd sem varð kjördóttir okkar. Þar var komin Sigurbjörg Eiríksdóttir hún var fædd 23. nóvember 1941. Allt gekk vel með litlu stúlkuna og árin liðu. Árið 1947 fengum við leigða landspildu nokkuð stóra. Þá var Mosfellssveit að stofna nokkur nýbýli. Nú var hafist handa og farið að hugsa til flutnings. Bletturinn sem við fengum var á svokölluðum Jónsteig við hliðina á landi Álafoss. Þetta var mestmegnis óræktar melar með rústir og ónýta bragga eftir herinn sem þá var nýfarinn af þessu landi.



Sigríður Þórmundsdóttir orti um sögu Meltúns á níráðisaldri

Við fengum land
til að bæta og byggja,
í mörgu var að
snúast
og mörgu að hyggja.
Landið var girt
hreinsað og plægt.
Grasfræi sáð
svo yrði tún slægt.

Við byggðum hér
Meltún
og þjuggum þar lengi,
nóg var að starfa
svo allt vel gengi.
Við byggðum upp bæinn
og öll önnur hús,
hugur og hönd
voru í starfi fús.

Hér leið okkur vel
hér gott var að vera
börnin hér undu glöð
og nóg um að vera.
Svo börnin burtu flugu
þá lífið þau kallar,
við ein urðum eftir
og degi hallar.

En áfram var starfað
uns þrekið var þrotið,
bóndi minn horfinn,
blað er nú brotið,
Ég ein er nú eftir
og orðin þreytt,
það liðna er horfið
því verður ei breytt.

Ég kvíði ei lengur
komandi tíma,
er hætt að starfa
og tekin að bíða.
Ég horfi á ljósið
sem lýsir fram veginn
held göngunni áfram
verð hvíldinni fegin.

1991

Siddý litla var komin á sjötta ár þegar við fluttum. Henni leiddist fyrsta sumarið. Þá var enginn krakki að leika sér við en stundum gátu þau farið á milli Helgi á Ökrum og hún. Þau voru leiksystkini. Við bjuggum fyrsta sumarið í bragga. Það var nóg pláss en ekki skemmtilegt. Þar höfðum við kolavél og olíulampa þar til við fengum rafmagnið rétt fyrir jólin. Um sumarið var steiptur grunnur undir litla húsið okkar og Hverabakki fluttur niður á melana á vagni og bætt svolítið við húsið. Jæja þá vorum við nú komin þarna og flutt úr bragganum og í húsið fyrir veturinn. Ekki fengum við leitt inn heita vatnið fyrr en sumarið eftir en höfðum miðstöðvareldavél sem hitaði ofnana og sóttum kalt vatn í lind sem rann þá skammt frá bragganum sem við bjuggum í fyrsta sumarið. Skepnur áttum við fáar þegar við byrjuðum búskapinn. Tvær kýr eignuðumst við fyrsta haustið sem við vorum niðurfra. Tólf kindur áttum við og nokkur hænsni. Þetta væri ekki talið mikið í dag en Eiríkur vann oft með og ég hirti um skepnurnar. Þetta gekk allt vel og við vorum ánægð.

Alltaf var unnið við að rækta upp tún og byggja yfir fólk og fénað. Þetta tók mörg ár og oft voru margir í heimili þótt húsakynnin væru ekki stór.

Siddý okkar var að verða stór stúlka og oft voru líka fleiri börn hjá okkur um lengri og skemmri tíma. Bróðir Siddýar, Sigmar Pétursson, kom til okkar ungur og var mikið hjá okkur og var eins og okkar drengur og mér finnst hann það enn í dag.

Það var alltaf draumur Eiríks að eignast sitt eigið býli og vera bóndi. Það var starf sem honum líkaði vel, hann var dýravinur og fór vel með allar sínar skepnur og hafði af þeim góðan arð þó aldrei voru þær mjög margar. Mér líkaði búskapurinn vel og var fædd sveitakona.

Svo liðu árin eitt af öðru. Oft var mikið að starfa en við vorum heppin að heilsan var lengst af sæmilega góð. Við ræktuðum hvern blett af landinu sem við fengum til umráða. Bústofninn stækkaði og býlið varð notalegt og skemmtilegt og hægt að lifa þar góðu lífi.

Með árunum eignuðumst við vélar og bíl. Það gerði erfiðið léttara enda færðust árin yfir. Siddý okkar var gift kona í Reykjavík með bú og börn eins var Sigmar okkar giftur og búsettur í Reykjavík með konu og börn. Didda sem ég kallaði var lengi hjá okkur lítill stelpa. Hún var búsett í Grindavík með mann og börn. Mér finnst alltaf ég eiga mikið í öllum þessum börnum. Nú var mikið farið að verða rólegt í Meltúni. Svo hét býlið okkar og við farin að gerast fullorðin.



Sigmar Pétursson 13 ára. Ljósmynd. Pétur Thomsen ljósmyndastofa, 1964.

Siddý 2 ára

Léttfætt og hýreyg labbar um pallinn
hún litla Siddý mín,
komin er hún í nýja kjólinn,
lakkskó og er nú fín.
Hún er á fullu að taka til
og koma öllu í lag,
því nú á hér að vera fínt
hún á afmæli í dag.

Hún er að fylla annað árið
og þykist nú stúlka stór,
nær sér í dúk að leggja á borð
og syngur með Snúllu í kór.
Mamma er búin að baka köku
og pabbi er að koma inn
og svo kemur hann Helgi líka
á afmælisdaginn minn.

Leikið við Simma 2 ára, hann var að fela sig inni og ég átti að leita

Fyrst sá ég nef og svo sá ég augu
svo sá ég enni og kinn,
þegar ég fór að gá betur
þá var þetta Simmi minn.
Hann var að fela sig fyrir mömmu
en var samt alltaf að gá,
hvort hún kæmi ekki að leita bráðum
því mest var gaman þá.

Höf. Sigríður Þórmundsdóttir



Eiríkur E. F. Guðmundsson og Sigríður Þórmundsdóttir framan við Meltún. Ljósmyndari óþekktur, líklega tekin rétt eftir 1960.



Áslaug Svavarsdóttir, Svavar Sigurjónsson, Eiríkur Svavarsson, Sigurbjörg Eiríksdóttir og Margrét Svavarsdóttir. Ljósmyndari óþekktur, maí 1973.



Gamanspjall heima hjá Siddý og Svavari um jól. Sigríður Þórmundsdóttir, Sigurbjörg Eiríksdóttir og Sigmar Pétursson. Ljós. Svavar Sigurjónsson, des. 1985.



Meltúnsfjölskyldan fagnar 50 ára brúðkaupsafmæli Sigríðar og Eiríks á Hótel Holti. F.v. Sigmar Pétursson, Þrúður Jóna Kristjánsdóttir, Svavar Sigurjónsson, Margrét Svavarsdóttir, Sigurbjörg Eiríksdóttir, Eiríkur E. F. Guðmundsson, Sigríður Þórmundsdóttir, Áslaug Svavarsdóttir og Geir Magnússon. Ljós. Eiríkur Svavarsson, 1982.



Bæjarhúsin í Meltúni. Myndin er tekin úr suðvestri. Fremst er íbúðarhúsið. Sambyggð útihús aftar. Hæst er hlaðan, en í lægri byggingunum eru fjós og hæsnahús. Sunnan undir hlöðunni eru traktorsskúr, hesthús og mjólkurhús. Ljós. Kristbjörn Egilsson, ágúst 1964.

Við bjuggum saman í Meltúni í full 38 ár. Þá andaðist Eiríkur minn og ég varð ein eftir og dvaldi áfram í Meltúni einsömul í full 3 ár. Það voru mikil viðbrigði frá því sem áður var. Síðustu árin sem við bjuggum var Eiríkur orðin það heilsuveill að við vorum að mestu hætt búskap. Ég hafði engar skepnur eftir að ég varð ein.

Við áttum nokkuð stóran garð í kringum húsið okkar. Það var mín mesta ánægja að hugsa um hann í einverunni.

Nú slæ ég botn í þessar minningar. Er á leiðinni að verða hálf níráð og komin hér á elliheimili Mosfellsbæjar. Hér getur manni liðið vel. Það er öryggi í því að vera með fólki en lífið er ósköp tómlegt í svona húsum. Maður er hættur að starfa nokkuð sem verk getur kallast og bíður bara eftir því eina sem allir bíða eftir. Það er að hverfa hédan.“

Skráð 1991
Með kærri kveðju
Sigríður Þórunsdóttir

Meltún kvatt eftir 43 ára búsetu

Ég kveð þig héma
litla býlið mitt,
með þökk í hug
fyrir samstarf mitt og þitt.
Oft var erfitt
oft var líka gleði,
að annast um það
drottin okkur léði.

Nú allt er horfið
bóndi minn og bú,
minningarnar
einar á ég nú.
Þær gleðja mig
þá stutt er leið ófarin,
uns hittumst við aftur
öll við lífsins árin.

Svo var ég flutt í nýja íbúð á elliheimilinu

Í nýja íbúð komin er,
eignarréttinn á ég hér.
Og ekki héðan aftur fer,
uns út ég héðan borin er.

Höf. Sigríður Þórmundsdóttir

Persónur og leikendur

Kristbjörn Egilsson

Fæddur 31. maí 1949 í Reykjavík.
Heimili: Laugavegur 58b, Reykjavík.

Foreldrar:

Egill Kristbjörnsson, f. 24. ágúst 1916 í Reykjavík, d. 8. september 2012.
Ingigerður Jónsdóttir, f. 1. febrúar 1921 í Reykjavík, d. 4. janúar 2012.

Systkini:

Auður, f. 30. september 1947 í Reykjavík.
Guðbjörg, f. 12. mars 1951 í Reykjavík.
Logi, f. 8. október 1952 í Reykjavík.

Sveitabær: Meltún í Mosfellssveit

Sigríður Þórmundsdóttir húsfreyja, f. 5. september 1906 í Langholti í Borgarfirði,
d. 28. júlí 1998.
Eiríkur Egill Finnur Guðmundsson húsbóndi, f. 20. maí 1907 í Botni í Súgandafirði,
d. 24. ágúst 1985.
Sigmar Pétursson, f. í Reykjavík 22. september 1952.

Bústofn:

15–17 nautgripir, 40–50 ær, 200 varphænur og tvö hross. Einn köttur í fjósinu
og oftast einn hundur.

Kjördóttir Meltúnshjóna og fjölskylda:

Sigurbjörg Eiríksdóttir, f. í Reykjavík 23. nóvember 1941, d. 4. febrúar 1997.
Svavar Sigurjónsson, f. 26. ágúst 1938.
Áslaug Sigríður Svavarsdóttir, f. 19. febrúar 1959.
Margrét Björk Svavarsdóttir, f. 11. desember 1963.
Eiríkur Sigurjón Svavarsson, f. 23. september 1972.

Viðauki: Flugmyndir sem sýna byggðaðróun á svæðinu í nágrenni Meltúns á 46 ára tímabili milli ára 1940 og 1986



Flugmynd tekin yfir Álafossvosina og Jónsteig (Meltún). Ullarverksmiðjan, lónið og stíflan í Varmá fremst. Álafossvegurinn liggur til suðurs og síðan Reykjavegur. Þar er braggabyggðin Mac Arthur Camp hægra megin við veginn á Jónsteig. Nýbýlið Meltún var reist árið 1947 á rústum braggaborpsins. Mynd frá breska og bandaríska hernum. Ljósmyndari óþekktur, 1941–45. Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar.



Álafossvosin. Ullarverksmiðjan og stíflan í Varmá fremst. Álafossvegurinn liggur til suðurs og stefnir á braggabyggðina. Hægra megin við veginn var nýbýlið Meltún reist árið 1947 á rústum braggaborpsins. Mynd frá breska og bandaríska hernum. Ljósmyndari óþekktur, 1941–45. Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar.



Flugmynd sem sýnir vel hvernig söguvið sveitadrengsins sem dvaldi í Meltúni sumrin 1962–63 leit út áður en nýbýlið Meltún var stofnað árið 1947. Fremst er Álafosskvosin, ullarverksmiðjan, stíflan og lónið í Varmá. Álafossvegurinn liggur til suðurs og stefnir á braggabyggðina. Hægra megin við veginn á Jónstanga var nýbýlið Meltún reist árið 1947 á rústum braggaborpsins Mac Arthur Camp. Til vinstri er Reykjalundur og búið er að reysa litlu einbýlishúsin. Efst á myndinni eru Reykjahvoll og Suður-Reykir. Mynd frá breska- og bandaríska hemum. Ljósmyndari óþekktur, líklegt ártal 1940–46.



Loftmynd tekin yfir Meltún og nágrenni. Braggabyggð horfin og tún uppræktuð. Landmælingar Íslands, sumarið 1957–60.



Lofmynd tekin frá Reykjalundi til vesturs. Meltún er við vegamótin fyrir miðri mynd. Úr safni Reykjalundar. Ljósmyndari óþekktur, líklega tekin á árunum 1962–1964.



Loftmynd tekin yfir Meltún og nágrenni. Íbúðabyggð efst t.v. farin að þrengja að Meltúni og norðan túns er Álafosverksmiðjan sem reist var um 1963. Landmælingar Íslands, 20. júlí 1979.



Flugmynd tekin yfir Meltún og nágrenni. Ljós. Mats Wibe Lund, júlí 1986.

